



ÁRSSKÝRSLA SSA 2012





FÖSTUDAGUR 14. SEPTEMBER

- 9:30 Skráning fulltrúa - afhending gagna
- 10:00 Fundarsetning: Valdimar O. Hermannsson, form. stjórnar SSA.
Kosning fundarstjóra (2) og ritara (2).
Kosning kjörbréfanefndar (3) og nefndanefndar (3).
Skýrsla stjórnar SSA starfsárið 2011 - 2012: Valdimar O. Hermannsson, form. stjórnar SSA.
Reikningar SSA 2011, end.sk. fjárhagsáætlun 2012, fjárhagsáætlun 2013, Ólafur Áki Ragnarsson
Skýrslur stofnana er tengjast starfi SSA má finna á heimasíðunni: www.ssa.is
Árskýrsla aðalfundar 2011 liggur frammi á fundinum.
- 10:30 Fyrirspurnir og umræður. Skýrslur fyrir 2011 - 2012 og fjárhagsgögnum vísað til nefnda.
- 10:45 Tillögur frá stjórn og aðalfulltrúum lagðar fram til aðalfundar.
- 11:00 Kynning á Austurbrú
A Fulltrúar sviða kynna starfsemina
B Umræður og fyrirspurnir
- 11:45 Aðildarviðræður við Evrópusambandið
A Stefán Haukur Jóhannesson, formaður samninganefndar Íslands
B Umræður og fyrirspurnir
- 12:15 Hádegisverður
- 13:00 Ávörp
A Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga; Karl Björnsson
B Annar þingmaður Norðausturkjördæmis; Birkir Jón Jónsson
- 13:30 Hugsanlegar sviðsmyndir við olíuleit og olíuvinnslu á Drekasvæðinu
A Haukur Óskarsson, framkvæmdastjóri iðnaðar hjá Mannvit
B Umræður og fyrirspurnir
- 14:45 Samtal tveggja stjórnarsýslustiga
A Héðinn Unnsteinsson
B Umræður og fyrirspurnir
- 15:10 Sóknaráætlun landshluta
A Hólmfríður Sveinsdóttir
B Umræður og fyrirspurnir
- 15:30 Kaffihlé
- 15:45 Kynning á IPA-styrkjum Evrópusambandsins
A Snorri B. Sigurðsson, forstöðumaður hjá Byggðastofnun
B Umræður og fyrirspurnir
- 16:15 Tillögur nefndanefndar og álit kjörbréfanefndar
- 16:20 Álit kjörbréfanefndar
- 16:50 Fundi frestað. Nefndastörf hefjast (tilkynnt um staðsetn. einstakra nefnda af fundarstj.).
- 18:00 Nefndastörfum frestað
- 18:15 Óvissuferð í boði Borgarfjarðarhrepps um Borgarfjörð eystri
- 20:15 Hátíðarkvöldverður. Dagskrá í umsjón "heimamanna".
- Meðal dagskrárliða er afhending menningarverðlauna SSA

LAUGARDAGUR 15. SEPTEMBER

- 9:00 Framhald nefndastarfa
- 10:00 Almenningsamgöngur á Austurlandi
A Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri hjá Austurbrú
B Umræður og fyrirspurnir
- 10:30 Markaðssetning Austurlands
A Þórhallur Örn Guðlaugsson, forstöðumaður BS markaðsfræði og alþjóðaviðskipti, HÍ.
B Umræður og fyrirspurnir
- 11:15 Ávarp
A Innanríkisráðherra; Ögmundur Jónasson
- 11:45 Afgreiðslur mála
A Ársreikningur SSA 2011
B Endurskoðuð fjárhagsáætlun SSA f. árið 2012
C Fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2013
D Nefndaálit og tillögur
F Kosningar skv. samþykktum SSA
- 13:15 Áætluð fundarlok
- 13:30 Hádegisverður / Borgarfjörður kvaddur

(Að loknum aðalfundi verður fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar SSA)

Réttur er áskilinn til breytinga á dagskrá.

Rétt til setu á fundinum eiga kjörnir fulltrúar aðildarsveitarfélaga SSA og gestir

Starfsnefndir á aðalfundinum:

Byggða- og atvinnumálanefnd (fer m.a. með "fjárfestingaverkefni v/ fjárl. 2013")

Mennta- og menningarmálanefnd

Samgöngunefnd (fer m.a. með verkefnið almenningsamgöngur)

Allsherjarnefnd

Samstarfsnefnd

Fjárhagsnefnd

Kjörnefnd

F.h. stjórnar SSA;

Ólafur Áki Ragnarsson

Ávarp Valdimars O. Hermannssonar við setningu 46. aðalfundar SSA 14. og 15. september 2012

Fundarstaður: Borgarfjörður eystri, Fjarðaborg

Alþingismenn NA–kjördæmis, fulltrúar ráðuneyta sem hér eru, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, sveitarstjórnarfolk af Austurlandi og aðrir góðir gestir.

Fyrir hönd stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, SSA, þá býð ég ykkur hjartanlega velkomin til 46. aðalfundar SSA, sem haldinn er hér í þessu fallega og stórbrotna umhverfi á Borgarfirði eystri. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem aðalfundur SSA er haldinn á þessum stað, og er það ánægjulegt vitni um þá uppbyggingu sem hér hefur orðið, m.a. í tengslum við ferðapjónustu, að gistirými og annar aðbúnaður heimamanna stendur vel undir því og má vænta að við munum eiga hér árangursríka fundardaga.

Það má segja að nýliðið starfsár okkar, frá síðasta aðalfundi SSA, hafi að mörgu leyti verið ár mikilla breytinga og er ég þá fyrst og fremst að vísa til þess verkefnis okkar frá 2010, um sameiningu stöðstofnana, sem unnið hefur verið að á undanförunum árum. Skipuð var verkefnastjórn í nóvember 2011 með fulltrúum allra hlutaðeigandi stöðstofnana sem leiddi síðan til stofnunar Austurbrúar ses. 8. maí síðastliðinn að viðstaddri allri ríkisstjórn Íslands, sem þann sama dag hélt formlegan ríkisstjórnarfund á Austurlandi í fyrsta sinn, ásamt því að hitta fulltrúa sveitarstjórna og annarra aðila.

Ég ætla ekki hér að fara að rekja nánar aðdraganda að stofnun Austurbrúar, þó frá mörgu sé að segja, en ég get sagt að þetta skref okkar Austfirðinga, til framþróunar stöðkerfis sveitarfélaga og ríkisins, hefur vakið verðskuldaða athygli langt út fyrir Austurland og hefur m.a. verið fjallað um það í fjölmiðlum og mun verða horft til okkar frumkvöðlastarfs og reynslu m.a. frá öðrum landshlutum.

Það skal þó sagt hér að þetta hefur

ekki allt verið auðvelt, þrátt fyrir góðan undirbúning, enda er innleiðing flókinnna breytinga ekki gerð í einum vettvangi og tekur á að sameina margar og ólíkar stöðstofnanir sem voru með ólík rekstrarform, misstórar og mismikið tengdar sveitarfélögunum. Þrátt fyrir að fyrsti framkvæmdastjóri hafi ekki passað alveg inni það mengi sem hann var ráðinn til þá hefur brotthvarf hans (að frumkvæði stjórnar Austurbrúar) m.a. þjappað saman starfsfólkinu og nú er unnið að því að ráða framkvæmdastjóra til frambúðar sem mun leiða innleiðingu breytinganna.

Hagsmunagæsla fyrir Austurland

Stór þáttur í hlutverki stjórnarmanna landshlutasamtaka eins og SSA, og þá sérstaklega formanns og fulltrúa sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú, er að vinna að hagsmunagæslu fyrir allt Austurland og koma fram fyrir hönd þeirra átta sveitarfélaga sem nú starfa í fjórðungnum, þegar það á við. Hafa að því tilefni verið farnar allmargar ferðir til höfuðborgarinnar, m.a. til þess að fylgja eftir þeim málum og ályktunum sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi en einnig til þess að bregðast við niðurskurði og þjónustuskerðingu ríkisins, ásamt því að sækja á um þau hagsmunamál sem á okkur öllum brenna.

Þær ferðir hafa nú ekki allar verið farnar til fjár með beinum og áþreifanlegum hætti, og oft þykir okkur sem lítill skilningur sé á því hvað slík hagsmunagæsla kostar, bæði í fjármunum og tíma talið. Fulltrúar SSA nota hvert tækifæri til þess að benda á og minna einnig á sérstöðu okkar sem lengst búum frá höfuðborginni, hvað það kostar í raun að taka þátt í samráði af ýmsu tagi, og förum fram á að tekið sé tillit til þess þegar fjármunir

eru veittir og þeim skipt upp á milli landshluta og svæða.

Í einni slíkri ferð, sem farin var í þeim tilgangi að verja okkar framlag í menningarsamningum á milli Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og landshlutasamtakanna, þá var það lauslega tekið saman að kostnaður við dagsferð fjögurra manna sendinefndar frá Austurlandi til höfuðborgarinnar væri u.þ.b. 200 þúsund krónur þegar tekið er tillit til beins ferðakostnaðar, vinnutaps og fleiri þátta. Erum við þá að bera okkur saman við suma aðra landshluta, sem komast á sama fund á innan við einni klst. og til baka á sama tíma, og þurfa ekki að eyða öllum deginum og miklum kostnaði fyrir einn fund.

En að landsmálunum, sem við sveitarstjórnarmenn sem fulltrúar íbúanna eigum svo mikið undir.

Við höfum í flestum tilfellum átt í góðum og gagnlegum samskiptum við núverandi stjórnvöld, bæði þingmenn og ráðherra, þó svo að eðlilega eigum við mest samskipti við þingmenn okkar kjördæmis.

Við höfum látið í okkur heyra þegar að hagsmunum okkar er vegið, hvort sem það er með niðurskurði í þjónustu, t.d. heilbrigðis- og menntamálum, hótunum um að loka Reykjavíkurlugvelli og flytja hann eitthvað annað, eða þá umbyltingu á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, þó svo að þar séu stundum ólíkir hagsmunir allra sveitarfélaga landshlutans þá er þar verið að veða að greininni í heild sinni.

Samgöngumál

Sagt er að upphaf og endir allrar uppbyggilegrar umræðu hér á Austurlandi snúist um samgöngumál. Víða er þörf á bættum samgöngum sem myndi stór auka samlegð og auðvelda alla samvinnu innan fjórðungs, og um leið nýta betur fjárfestingar ríkis, fyrirtækja og einstaklinga á Austurlandi.

Ekki þarf að tíunda hér hvert mál fyrir sig, enda væri þar af nógu af taka, og hér á aðalfundinum verður sem fyrr fjallað um áherslur okkar sem flestum eru nú kunnar, þó þar geti sitt sýnst hverjum.

Góðir aðalfundargestir

Ég vænti þess að við eigum eftir að eiga hérna góðan aðalfund, í þessu fallega umhverfi, og á dagskrá eru mörg áhuga-verð málefni til kynningar og umfjöllunar. Sjá dæmi úr dagskrá: Kynning á Austurbrú, Markaðssetning Austurlands, Hugsanlegar sviðsmyndir við olíuleit og vinnslu á Drekasvæðinu og Samtal tveggja stjórnarsýslustiga ásamt Sóknar-áætlun landshluta, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Síðan er það óvissuferð í boði Borgarfjarðarhrepps og hátíðarkvöldverður í umsjá heimamanna.

Við göngum síðan hægt um gleðinnar dyr í kvöld, sofum hratt og vel í nótt hér í umhverfi álfa og mætum til framhalds nefndarstarfa kl. 09.00 að staðartíma, og annarra dagskrárliða kl 10:00.

Tillaga hefur borist um að skipaðir verði:
Fundarstjórar: Björn Ármann Ólafsson og Kristjana Björnsdóttir.

Fundarritarar: Hrund Snorradóttir og Sigurbjörg Hjaltadóttir.

Ef ekki eru aðrar tillögur um skipanina, þá vil ég biðja þau að taka við stjórn fundarins, og segi hér með þennan 46. aðalfund SSA, settan.



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Fundargerð 46. aðalfundar SSA

Haldinn í Fjarðarborg á Borgarfirði eystri
dagana 14. og 15. september 2012

Föstudagur 14. september.

Dagskrá fundarins lá frammi og er hún þingskjal nr. 1. Verður hún einnig fjölfölduð í samantekt um aðalfundinn.

A) Fundarsetning

Valdimar O. Hermannsson, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 10:00 og bauð fundarmenn velkomna á þennan fertugasta og sjötta aðalfund sambandsins.

Að inngangi formanns loknum gerði hann tillögu um Björn Ármann Ólafsson og Kristjönu Björnsdóttur sem fundarstjóra, var það samþykkt og Hrund Snorradóttur og Sigurbjörgu Hjaltdóttur sem fundarritara, samþykkt samhljóða, tóku ritara til starfa.

Fundarstjórar tóku síðan við stjórn fundarins, bauð fundarmenn velkomna til Borgarfjarðar og þakkaði auðsýnt traust og yfirfór nokkur praktísk atriði.

B) Kosningar

Fundarstjóri bar upp tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd: Cecil Haraldsson, Eyðisi Ásbjörnsdóttur og Pál Sigvaldason. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu um eftirtalda í nefndanefnd: Arnbjörgu Sveinsdóttur, Gauta Jóhannesson og Unni Björgvinsdóttur. Samþykkt samhljóða.

C) Skýrsla stjórnar

Valdimar O. Hermannsson fór yfir skýrslu stjórnar starfsárið 2011 – 2012, sem liggur frammi. Skýrslan fylgir fundargögnum sem þingskjal nr. 2. Vísað til allsherjarnefndar.

D) Reikningar SSA

Ólafur Áki Ragnarsson kynnti reikninga SSA 2011 og endurskoðaða fjárhagsáætlun 2012, ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2013. Greinargerð með ársreikningi þingskjal nr. 3. Ársreikningur SSA, þingskjal nr. 4, fjárhagsáætlun þingskjal nr. 5. Ársreikningur, greinargerð og fjárhagsáætlunum er vísað til fjárhagsnefndar. Skýrslu stjórnar vísað til fjárhagsnefndar. Ólafur Áki Ragnarsson minnti á að skýrslur eftirtalinna stofnana hefðu nú verið lagðar fram í gögnum fundarmanna og verði þeim vísað til viðeigandi starfsnefnda á fundinum.

E) Skýrslur stofnana

Skýrslur stofnana sem tengjast SSA eru ekki lagðar fram á fundinum, en þær er að finna á heimasíðu SSA, www.ssa.is

F) Fyrirspurnir og umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun. Valdimar O. Hermannsson gaf nánari skýringar á vissum liðum fjárhagsáætlunar. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

G) Tillögur frá stjórn og fulltrúum til aðalfundar

Pórunn Egilsdóttir mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í allsherjarnefnd. Þingskjal nr. 6

- Ályktun um heilbrigðisþjónustu
- Ályktun um Heilbrigðisstofnun Austurlands
- Ályktun um flutning á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga
- Ályktun um málefni aldraðra
- Ályktun um málefni Heilbrigðiseftirlists Austurlands

Jón Björn Hákonarsson mælti fyrir tillögum til stjórnar til meðferðar í mennta- og menningarmálanefnd. Þingskjal nr. 7

- Ályktun um símenntun og háskólanám á Austurlandi
- Ályktun um rannsóknir á háskólastigi Á Austurlandi
- Ályktun um menntun á framhaldsskólastigi á Austurlandi
- Ályktun um samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál
- Ályktun um skólamál
- Ályktun um ferðakostnað íþróttafélaga

Arnbjörg Sveinsdóttir mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í byggða- og atvinnumálanefnd. Þingskjal nr. 8

- Ályktun um stofnanir ríkisins á Austurlandi
- Ályktun um framkvæmdir á vegum ríkisins
- Ályktun um leiðbeinandi og samræmdar vegmerkingar
- Ályktun um Vatnajökulsþjóðgarð
- Ályktun um framlag til ferðamála, markaðsstofu og upplýsingamiðstöðva
- Ályktun um hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu
- Ályktun um farþega og vöruflutninga til og frá Austurlandi
- Ályktun um endurvinnslu úrgangs á Austurlandi
- Ályktun um refa og minnkaveiðar
- Ályktun um hreindýr á Austurlandi
- Ályktun um sjávarútvegsmál
- Ályktun um jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku til almennra nota
- Ályktun um niðurgreiðslu kostnaðar raforku til húshitunar (fer kannski í allsherjarnefnd)

Stefán Bogi Sveinsson mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í samgöngunefnd. Þingskjal nr. 9

- Ályktun um jarðgangnagerð
- Ályktun um forgangsframkvæmd í vegagerð
- Ályktun um brýnar framkvæmdir og viðhald vega
- Ályktun um brýr
- Ályktun um almenningssamgöngur
- Ályktun um Egilsstaðaflugvöllur
- Ályktun um innanlandsflug
- Ályktun um hafnir
- Ályktun um fjarskipti
- Ályktun um nýframkvæmdir í vegagerð

Gauti Jóhannesson mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í samstarfsnefnd. Þingskjal nr. 10

- Ályktun um austfirskar stoðstofnanir
- Ályktun um samgöngunefnd
- Ályktun um samstarfsnefnd

Pórunn Egilsdóttir mælti fyrir tillögu Vopnafjarðarhrepps ályktun um Drekasvæðið, olíuleit, til meðferðar í samgöngunefnd. Þingskjal nr. 11.

1. Kynning á Austurbrú:

- Skúli Björn Gunnarsson stjórnarmaður Austurbrúar fór yfir ferli sameiningar stoðstofnana á Austurlandi í eina stofnun, Austurbrú.
- Guðrún Áslaug Jónsdóttir, fulltrúi háskóla og rannsókna, kynnti sitt svið innan Austurbrúar.
- Bergþóra Arnórsdóttir, fulltrúi símenntunar, kynnti sitt svið innan Austurbrúar.
- Árný Bergsdóttir, fulltrúi markaðsmála, kynnti sitt svið innan Austurbrúar.
- Signý Ormarsdóttir, fulltrúi menningar og lista, kynnti sitt svið innan Austurbrúar.
- Finnbogí Alfreðsson, fulltrúi atvinnuþróunar og nýsköpunar, kynnti sitt svið innan Austurbrúar.
- Umræður og fyrirspurnir. Til máls tóku Elvar Jónsson og Valdimar O. Hermannsson. Guðrún Á. Jónsdóttir svaraði fyrirspurnum sem fram komu.

2. Aðildarviðræður við Evrópusambandið

- Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður samninganefndar Íslands, kynnti stöðu aðildarviðræðna Íslands að Evrópusambandinu.
- Umræður og fyrirspurnir. Til máls tóku Stefán Bogi Sveinsson Cecil Haraldsson Arnbjörg Sveinsdóttir og Jón Björn Hákonarson. Stefán Haukur Jóhannesson svaraði fyrirspurnum sem fram komu.

Kl. 12:15- kl. 13:00

Fundarhlé og hádegisverður frá kl. 12:15 – 13:15

3. Ávörp gesta

- Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga; Karl Björnsson, fór yfir störf sambandsins, stefnumörkun, starfsáætlun, hefðbundin verkefni og sérverkefni sambandsins, málefni tónlistarfræðslu, atvinnuleysisbætur og framfærsluskyldu sveitarfélaga, ESB aðildarviðræður, flutning á málefnum frá ríki til sveitarfélaga og fleira.

B) Annar þingmaður Norðausturkjördæmis, Birkir Jón Jónsson, flutti kveðju frá þingmönnum kjördæmisins og hvatti til áframhaldandi samstöðu og eflingu fjórðungsins. Birkir Jón sagði að öll umræða um að landsbyggðin sé þurft aðili sem ríkið þarf að hjálpa er á villigötum þar sem raunin er að á landsbyggðinni er verðmætasköpun þar sem gjaldeyrstekjur verða til. Því þurfa sjálfsgöð mál eins og löggæslumál, heilbrigðismál og skólamál að vera í lagi. Hætta þarf að tala um niðurgreiðslur og styrki en tala frekar um jöfnun og leiðréttingu. Í fjórðungnum er margt sem sameinar okkur þó við tilheyrum mismunandi flokkum og við þurfum að standa saman um málefni fjórðungsins og efla hann.

4. Hugsanlegar sviðsmyndir við olíuleit og olíuvinnslu á Dreka-svæðinu

A) Haukur Óskarsson, framkvæmdastjóri iðnaðar hjá Mannvit ræddi um virðisveðju olíunnar, Dreka, mannvirki, vettvangsrannsóknir og framtíðarsýn. Leyfi til rannsókna verða líklega gefin út á næstu mánuðum, bergmálmælingar fara þá af stað, síðan er unnið úr þeim mælingum, í kjölfarið er farið í þrívíddarmælingar og ef staðan er álitleg er farið í að bora. Ein hola kostar um 30 milljarða, sem er svipað og Harpan. Undirbúningur og framleiðsla er næsta stig, þá eykst umfangið og peningastreymi eykst til muna með meiri umsvifum. Framleiðsla á olíu er dælingin, þá er flutningur, geymsla og olíuhreinsustöðvar, markaðssetning, dreifing og skattlagning. Farið var yfir hvaða mannvirki þurfa að vera bæði á hafi í borpöllum, skipum og sliku, og í landi eins og hafnir, flugvellir, þýrlupallar, skrifstofuhúsnæði, sorpförgun/endurvinnsla, verkstæði, þjónustufyrirtæki og slíkt.

B) Umræður og fyrirspurnir. Til máls tóku Finnbogi Alfreðsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Elvar Jónsson, Rúnar Snær Reynisson og Þorsteinn Steinsson. Haukur Óskarsson svaraði fyrirspurnum sem fram komu.

5. Samtal tveggja stjórnsýslustiga

A) Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarfræðingur í Forsætisráðuneytinu, fjallaði um Ísland 2020 út frá byggðamálum og auknu fjármagni til landshlutanna í gegnum landshlutasamtökin og að sóknaráætlanir verða í framtíðinni fjármagnaðar með sameiningu vaxtarsamninga, menningarsamninga og endurskipulagningu og sameiningu á stoðkerfi atvinnu- og byggðáþróunar. Markmiðið er einföldun, skilvirkni, hagæðing, og valddreifing landshluta.

1. Sóknaráætlun landshluta

A) Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri í Sóknaráætlun Ísland 2020. Markmið sóknaráætlunarinnar er efling sveitarstjórnarstigsins/valddreifing, einfaldari og öflugri samskipti ríkis og sveitarfélaga og aukið samráð innan Stjórnarráðsins. Landshlutasamtökin hafa forystu um gerð sóknaráætlana, kalla hagadila til samráðs, ákveða fyrirkomulag og skipulag, hverja á að kalla til og formlegan samráðsvettvang. Drög að sóknaráætlun á að liggja fyrir í desember 2012. Undir sóknaráætlun fara fyrst málaflokkarnir atvinna og nýsköpun, menningarmál, markaðsmál og fræðslumál/fullorðinsfræðsla.

B) Umræður og fyrirspurnir um samtal tveggja stjórnsýslustiga og sóknaráætlun landshluta. Til máls tóku Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Jens Garðar Helgason. Héðinn Unnsteinsson og Hólmfríður Sveinsdóttir svöruðu fyrirspurnum sem fram komu.

2. Kynning á IPA-styrkjum Evrópusambandsins

A) Snorri B. Sigurðsson, forstöðumaður hjá Byggðastofnun kynnti IPA styrki Evrópusambandsins (Intstrument for Pre-Accession eða Fjármögnunarleið við foraðildarstuðning) sem eru styrkir sem Íslendingar geta sótt um núna þar sem Ísland er í aðildarviðræðum við ESB. Hægt er að sækja um styrki í verkefni sem snúa að a) atvinnuþróun og byggðamálum og b) velferðar- og vinnumarkaðsmálum félagsmálum samkvæmt sóknaráætlun Ísland 2020.

B) Umræður og fyrirspurnir. Til máls tóku Jens Garðar Helgason, Sigmundur Ernir Rúnarsson og Valdimar O. Hermannsson. Snorri B. Sigurðsson svaraði fyrirspurnum sem fram komu.

3. Tillögur kjörbréfanefndar og nefndanefndar:

Formaður kjörbréfanefndar, Cecil Haraldsson kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar. Kjörnir fulltrúar eru sem hér greinir: Fulltrúar sveitarfélaganna með seturétt á 46. aðalfundi SSA:

Fjarðabyggð

Valdimar O. Hermannsson
Guðmundur Þorgrímsson
Stefán Már Guðmundsson
Eydís Ásbjörnsdóttir
Esther Gunnarsdóttir
Ævar Ármannsson
Jens Garðar Helgason
Ásta Kristín Sigurjónsdóttir
Jón Björn Hákonarson
Eiður Ragnarsson
Snjólaug Guðmundsdóttir
Elvar Jónsson
Sævar Guðjónsson
Óskar Þór Hallgrímsson
14

Fljótshálfshérað

Björn Ingimarsson
Gunnar Jónsson
Stefán Bogi Sveinsson
Ragnhildur Rós Indriðadóttir
Árni Kristinsson
Páll Sigvaldason
Katla Steinsson
Eyrún Arnardóttir
Óðinn Gunnar Óðinsson
Sigrún Harðardóttir
Sigrún Blöndal
11

Seyðisfjarðarkaupstaður

Unnar Sveinlaugsson
Cecil Haraldsson
Daníel Björnsson
3

Vopnafjarðarhreppur
Sigríður Elva Konráðsdóttir
Bárður Jónasson
Guðrún Anna Guðnadóttir
3

Djúpavogshreppur
Andrés Skúlason
Albert Jensson
2

Borgarfjarðarhreppur

Jakob Sigurðsson
1

Breiðdalsvík
Unnur Björgvinsdóttir
1

Fljótshálfshreppur

Gunnþórunn Ingólfssdóttir
1

Samtals fulltrúar 36

A) Arnbjörg Sveinsdóttir form. nefndanefndar lagði fram tillögu nefndarinnar í þingskjal nr. 12 sem hér greinir:

Kjörnefnd

Þórunn Egilsdóttir formaður
Jens Garðar Helgason
Ragnhildur Rós Indriðadóttir

Byggða- og atvinnumálanefnd

Páll Baldursson formaður
Unnar Sveinlaugsson
Katla Steinsson
Ásta Kristín Sigurjónsdóttir
Guðmundur Þorgrímsson
Sævar Guðjónsson
Óðinn Gunnar Óðinsson
Gauti Jóhannesson
Arnbjörg Sveinsdóttir

Mennta- og menningarmálanefnd

Jón Björn Hákonarson formaður
Albert Jensson
Sigríður Elva Konráðsdóttir
Eydís Ásbjörnsdóttir
Elvar Jónsson
Sigrún Harðardóttir
Páll Björgvin Guðmundsson

Samgöngunefnd

Þorsteinn Steinsson formaður
Andrés Skúlason
Bárður Jónasson
Daníel Björnsson
Eiður Ragnarsson
Esther Gunnarsdóttir
Gunnar Jónsson
Jakob Sigurðsson
Páll Sigvaldason

Allsherjarnefnd

Sigrún Blöndal formaður
Björn Ingimarsson
Guðrún Anna Guðnadóttir
Snjólaug Guðmundsdóttir
StefánMár Guðmundsson
Árni Kristinsson

Samstarfsnefnd

Gunnþórunn Ingólfssdóttir formaður
Unnur Björgvinsdóttir
Valdimar O. Hermannsson
Óskar Þór Hallgrímsson
Eyrún Arnardóttir
Jón Þórðarson

Fjárhagsnefnd

Stefán Bogi Sveinsson formaður
Ævar Ármannsson
Cecil Haraldsson

4. Fundi frestað fram til kl. 10:00 laugardaginn 15. september nk.

5. Fundi fram haldið 15. september kl. 10:00

6. Almenningsamgöngur á Austurlandi

A) Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri hjá Austurbrú, sagði frá verkefni SSA í almenningssamgöngum í dreifbýli. Nota á hugmyndafræðina úr Evrópuverkefni NPP sem unnið var í samvinnu við Svía, Hjaltlendinga og Skota. Myndband um almenningssamgöngur í dreifbýli í Svíþjóð var sýnt.

B) Umræður og fyrirspurnir. Enginn tók til máls.

7. Markaðssetning Austurlands

A) Dr. Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent í viðskiptafræði með áherslu á markaðshneigð, staðfærslu og þjónustustjórnun, HÍ. Kynning á hvað markaðssetning er, að aðgreina sig frá samkeppnisaðilanum, skapa ímynd. Að byggja upp ferðageirann, að byggja upp iðnað, að gera svæðið að áhugaverðum stað til búsetu. Vandamál geta verið samhæfingarvandi-aðilar berjast innbyrðis um eigin hagsmuni umfram hagsmuni heildarinnar, umboðsvandi-hver má taka ákvarðanir.

B) Umræður og fyrirspurnir. Enginn tók til máls.

8. Ávörp gesta

A) Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, ræddi um mikilvægi samgangna, útboð á strandsiglingum eru fyrirhugaðar í byrjun næsta árs, um þær er þverpólitísk samstaða en óljóst hvernig markaðurinn bregst við. Varðandi flugsamgöngur þarf að endurmeta nálgun og afstöðu gagnvart innanlandsflugi, gera félagslega úttekt á mikilvægi flugsins fyrir landið og efla í kjölfarið flugsamgöngur. Einnig þarf að efla samgöngur innan landshluta.

Lögd áhersla á mikilvægi samskipta milli ráðuneyta og sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru vaxandi þáttur í skipulagi samfélagsins Íslands. Nú er hlutur sveitarfélaganna 33% í stjórnsýslunni en það stefnir í að hann verði um helmingur af stjórnsýslunni á Íslandi, m.a. með flutningi málefna fatlaðra og aldraðra frá ríki til sveitarfélaga. Efla þarf rafræna stjórnsýslu og lýðræði og auka áherslu á persónukjör á sveitarstjórnarstiginu. Sveitarfélög sameinast um verkefni og markmið út frá þeirri hugsun að þjónusta fólkið. Stofnanakerfið aðlagast að breyttum aðstæðum, dæmi um það er Austurbrú. Um þetta er samstaða milli ráðuneytis og sveitarfélaga. Um samgöngumál, Vegagerðin, ráðuneytin, sveitarfélögin og samgönguráð eiga samræðu um þróun almenningssamgangna á Íslandi. Hlustað er á sjónarmið sveitarstjórna og sérfræðinga Vegagerðarinnar.

B) Umræður og fyrirspurnir. Til máls tóku Bárður Jónasson, Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Stefán Bogi Sveinsson, Jón Björn Hákonarson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Gunnþórunn Ingólfssdóttir. Ögmundur Jónasson svaraði þeim fyrirspurnum sem fram komu.

9. Cecil Haraldsson kvaddi sér hljóðs og bar upp tillögu kjörnefndar að Páll Björgvin Guðmundsson fengi samþykki fundarinnis sem fulltrúi fyrir Fjarðabyggð vegna forfalla Óskars Þórs Hallgrímssonar. Samþykkt samhljóða.

10. Afgreiðsla ársreikninga

- fjárhagsáætlana - nefndaálit og tillögur

A) Fjárhagsnefnd, Stefán Bogi Sveinsson, hópstjóri flutti framsögu. Þingskjal nr. 13

Ársreikningur SSA 2011 – endurskoðuð fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2012 og fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2013. Til nefndarinnar var vísað ársreikningi SSA fyrir árið 2011, fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2013 og endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir 2012. Gögnunum fylgir greinargerð framkvæmdastjóra SSA.

Álit Fjárhagsnefndar aðalfundar SSA 2012

1) Ársreikningur 2011

Nefndin fór yfir reikninginn og þá greinargerð sem með honum fylgdi. Samkvæmt honum er afkoma SSA tæpum 11 milljónum króna frá áætlun á árinu. Skýringar á þessu koma fram í greinargerðinni. Er einkum um þrennt að ræða. Nettó hækkan reiknaðrar lífeyrisskuldbindingar er upp á rúmar 6 milljónir króna. Rúmar 3,3 milljónir króna falla til vegna kostnaðar sem SSA tók á sig á árinu 2011 í tengslum við vinnu við sameiningu stoðstofnana en nú liggur fyrir að ríkið mun styrkja verkefnið af fjárlögum um 4 milljónir á árunum 2012-2014. Þessu til viðbótar var gengið frá uppgjöri við fyrrum framkvæmdastjóra sem ekki var sérstaklega gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Fjárhagsnefnd telur eðlilegar skýringar á frávikum frá áætlun og að eðli frávíkanna sé slíkt að niðurstaða reksturs SSA árið 2011 sé í raun betri en tölurnar kunna að gefa til kynna. Fjárhagsnefnd leggur til að reikningurinn verði samþykktur.

2) Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2012

Fjárhagsnefnd fór yfir og gerði nokkrar breytingar á endurskoðaðri áætlun 2012. Fjárhagsnefnd leggur til að endurskoðuð áætlun verði samþykkt svo breytt.

3) Fjárhagsáætlun 2013

Fjárhagsnefnd fór yfir og gerði nokkrar breytingar á fjárhagsáætlun 2013. Fjárhagsnefnd leggur til að endurskoðuð áætlun verði samþykkt svo breytt.

Umræður og fyrirspurnir, enginn tók til máls.

Þingskjal nr. 13 var borið undir atkvæði í heild sinni og samþykkt samhljóða.

B) Mennta- og menningarmálanefnd, Jón Björn Hákonarson, hópstjóri flutti framsögu. Þingskjal nr. 14.

a) Ályktun um símenntun og háskólanám á Austurlandi.

46. aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012 fagnar því öflugra starfi á vettvangi símenntunar sem unnið hefur verið á vettvangi Þekkingarnets Austurlands og leggur áherslu á áframhaldandi sókn í þessum efnum undir merkjum Austurbrúar. Fundurinn leggur áherslu á að tækifæri eru til að efla símenntun, t.a.m. með því að auka ráðgjöf á vinnustöðum, meðal atvinnuleitenda og frumkvöðla. Þá er ítrekað mikilvægi þess að sífellt sé unnið að auknu framboði, fjölbreytni og gæðum þeirra námskeiða sem íbúum standa til boða. Fundurinn leggur einnig áherslu á að áfram verði unnið að því að auka kosti íbúa á Austurlandi til að stunda nám á háskólastigi á heimaslóðum og gerir þá kröfu á háskólanna að þeir efli möguleikanna í því námi sem þeir bjóða upp á. Hvort sem er almennt eða með því að bjóða upp á sérstakar námsleiðir í samstarfi við Austurbrú.

b) Ályktun um rannsóknir á háskólastigi á Austurlandi.

46. aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012 skorar á ríkisstjórn Íslands og háskóla landsins að efla og styrkja rannsóknastarf á Austurlandi og bendir á möguleika sem hér eru fyrir hendi. Svo sem að styrkja fræðasetrið Búland í Neskaupstað sem miðstöð sjávarrannsókna með áherslu á uppsjávarfisk í tengslum við Hafrannsóknastofnun og Matís. Eflingu jarðfræðirannsókna í tengslum við Jarðfræðisetrið í Breiðdal. Efla rannsóknir á vegum Skógræktar Ríkisins og Vatnajökulspjöldgarðs í tengslum við starfsemi þeirra á svæðinu. Þá þarf að setja kraft í uppbyggingu Rannsóknasetur HÍ á Egilsstöðum. Þá þarf að hlúa að samstarfi Austurbrúar og fyrirtækja í fjórðungnum um rannsóknir og þannig skapa eftir-sóknarvert umhverfi til fræða- og rannsókna á Austurlandi.

c) Ályktun um menntun á framhaldsskólastigi á Austurlandi

46. aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012 hvetur stjórnvöld til að vinna áfram að bættri aðstöðu til framhaldsskólanáms á Austurlandi. Mikilvægt er að austfirskum ungmennum bjóðist sem fjölbreyttast nám og að unnt sé að mæta ólíkum þörfum nemenda. Þá er ekki síður mikilvægt að á Austurlandi sé boðið uppá menntun sem tengist þeim fjölbreyttu framtíðarmöguleikum sem svæðið býður upp á.

46. aðalfundur SSA ítrekar ályktun síðasta aðalfundar um framtíð framhaldsskólanáms og hvetur skólanefndir framhaldsskólanna á Austurlandi til að skoða markvisst kosti aukinnar samvinnu skólanna. Einnig telur fundurinn að rétt sé að skoða kosti og galla þess að færa rekstur framhaldsskólanna frá ríki til sveitarfélaga. Þá er mikilvægt að kynning á námsmöguleikum í fjórðungnum nái til allra íbúa á svæðinu og reynt sé að byggja upp jákvætt hugarfar gagnvart menntun og námsframboði í fjórðungnum. Fundurinn felur stjórn SSA að kalla eftir samræðu við fulltrúa skólanefndanna um þessa þætti og að tekið verði saman minnisblað sem lagt verði fyrir næsta aðalfund SSA.

d) Ályktun um samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál

46. aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012 lýsir ánægju sinni með þá hugmyndafræði sem liggur að baki núgildandi menningarsamningum og leggur áherslu á að áfram verði unnið á þeim grunni í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þó vill fundurinn lýsa yfir vonbrigðum með niðurskurðarkröfu þá sem boðuð er í fjárlögum fyrir árið 2013 á gildandi menningarsamningi. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á úthlutun fjármagns til menningarmála sem áður var hluti af safnliðum í fjárlögum krefst fundurinn þess að það fjármagn verði lagt í sérstakan sjóð og þeim fjármunum verði síðan úthlutað samkvæmt reglum sem samræmdar verði af landshlutasamtökum og menningarráðum þeirra og jafnræðis verði gætt í þeim málum.

e) Ályktun um ferðakostnað íþróttafélaga

46. aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012 lýsir yfir þungum áhyggjum af síhækkandi ferðakostnaði íþróttafélaga í fjórðungnum. Ofan á almennar verðhækkningar hafa breytingar á keppnisfyrirkomulagi, t.a.m. á Íslandsmótinu í knattspyrnu orðið til þess að hækka þennan kostnað verulega á undanförunum árum. Þá hækkuðu þau far-

gjöld sem Flugfélag Íslands hefur boðið íþróttahreyfingunni fyrirvaralaust um þriðjung nýverið. Hár ferðakostnaður skekkir samkeppnisstöðu og tækifæri íþróttamanna á landsbyggðinni. Aðalfundur SSA skorar á Íþróttasamband Íslands að beita sér af alvöru í málinu og verja hagsmuni íþróttahreyfingarinnar á landsbyggðinni til jafns við höfuðborgarsvæðið. Þá beinir aðalfundurinn því til Flugfélags Íslands, sem eina flugrekanda sem býður upp á beint flug milli Austurlands og höfuðborgarsvæðisins að koma með sanngjörnum hætti til móts við íþróttahreyfinguna á Austurlandi, en þau kjör sem íþróttafélögumum bjóðast eru langt frá því að vera ásættanleg miðað við að félög innan vébanda UÍA eyða að lágmarki tugum milljóna króna árlega í flugferðir fyrir iðkendur sína. Að síðustu skorar aðalfundurinn á Alþingi að stórhækka framlög í Ferðasjóð íþróttahreyfingarinnar eins og fyrirheit voru gefin um og jafna þannig eins og kostur er hinn hróplega aðstöðumun á milli íþróttafélaganna í landinu.

f) Ályktun um skólamála

46. aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012 hvetur sveitarfélögin á starfssvæði sínu til að standa vörð um gæði þjónustu í leik- grunn- og tónlistarskólum sveitarfélaganna þrátt fyrir hagræðingarkröfur. Aðalfundur SSA hvetur til þess að sveitarfélögin og stéttarfélög starfsmanna og stjórnenda í skólunum eigi samræður um fyrirkomulag skólastarfs með það fyrir augum að móta áfram þá stefnu sem það byggir.

g) Ályktun um svæðisútlit

46. aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012 skorar á RÚV að koma svæðisútliti aftur á laggirnar á Austurlandi og styrkja fréttabjónustu sína í fjórðungnum.

Undir þessum lið tóku til máls Elvar Jónsson, Esther Gunnarsdóttir, Jens Garðar Helgason og Cecil Haraldsson.

Esther Gunnarsdóttir kom með breytingartillögu á orðalagi, taka út hefja og setja inn efla í staðinn í 6. línu b) liðar. Setninging hljóðar svo: Efla rannsóknir á vegum Skógræktar Ríkisins og Vatnajökulspjöldgarðs í tengslum við starfsemi þeirra á svæðinu. Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 14 var borið undir atkvæði í heild sinni með samþykktum breytingum og samþykkt samhljóða.

C) Samstarfsnefnd, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, hópstjóri flutti framsögu. Þingskjal nr. 15.

Ályktun um samstarfsnefnd.

Aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, samþykkir að samstarfsnefnd sveitarfélaga á Austurlandi sem skipuð var í framhaldi af Aðalfundi SSA 2011 starfi fram að næsta aðalfundi sambandsins. Nefndin leggur til að á næsta aðalfundi verði kosið að nýju í nefndina þar sem að hvert sveitafélag tilnefnir 2, einn karl og eina konu. Stjórn SSA skal kalla eftir tilnefningum sveitafélaganna.

Samstarfsnefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju sveitafélagi og einum til vara og skal gætt að jöfnu kynjahlutfalli við skipan nefndar.

Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera:

- Greina og vinna áfram að frekara samstarfi allra sveitarfélaga á starfssvæði SSA um einstök verkefni og málaflökka.
- Önnur samstarfsverkefni sem stjórn SSA kann að vísa til nefndarinnar.

Stjórn SSA og Samstarfsnefnd skulu móta starfsreglur fyrir nefndina þar sem m.a. verði tekið til verkaskiptingar milli nefndarinnar, annarra nefnda og stjórnar SSA. Miða skal við að einn fulltrúi í nefndinni eigi jafnframt sæti í stjórn SSA.

Nefndin leggur til að samstarfsnefnd finni þeim verkefnum sem betur verða unnin sameiginlega af sveitafélögum farveg t.d. með því að beina því til SSA að skipa þeim sérstaka starfsþópa. Nefndin telur brýnt að samstarfsnefnd vinni að sameiginlegum hagsmunamálum tengdum olíuleit á Drekasvæði, flutningi verkefna frá ríki til sveitafélaga auk annara þeirra verkefna sem best vinnast í sameiningu af sveitafélögum á Austurlandi.

Ályktun um samgöngunefnd

Aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, samþykkir að samgöngunefnd sveitarfélaga á Austurlandi sem skipuð var í framhaldi af Aðalfundi SSA 2011 starfi fram að næsta aðalfundi sambandsins. Nefndin leggur til að á næsta aðalfundi verði kosið að nýju í nefndina þar sem að hvert sveitafélag tilnefni 2, einn karl og eina konu. Stjórn SSA skal kalla eftir tilnefningum sveitafélaganna.

Samgöngunefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og einum til vara og skal gætt að jöfnu kynjahlutfalli við skipan nefndar.

Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera:

- Fjalla um samgöngumál í fjórðungnum
- Vinna að framgangi tillagna aðalfundar SSA í samgöngumálum
- Eiga samskipti við og afla upplýsinga frá samgönguyfirvöldum um stöðu áætlana og verkefna í samgöngumálum í fjórðungnum
- Vinna að öðrum samgöngutengdum verkefnum sem stjórn SSA kann að vísa til nefndarinnar.

Stjórn SSA og Samgöngunefnd skulu móta starfsreglur fyrir nefndina þar sem m.a. verði tekið til verkaskiptingar milli nefndarinnar, annarra nefnda og stjórnar SSA. Miða skal við að einn fulltrúi í nefndinni eigi jafnframt sæti í stjórn SSA.

Undir þessum lið tóku til máls Jens Garðar Helgason, Jón Björn Hákonarson, Stefán Bogi Sveinsson og Gunnþórunn Ingólfsdóttir.

Pingskjal nr. 15 var borið undir atkvæði í heild sinni og samþykkt samhljóða.

D) Byggða- og atvinnumálanefnd,

Páll Baldursson hópstjóri, flutti framsögu. Pingskjal nr. 16.

Jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku til almennra nota

Aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. – 15. sept. 2012 skorar á Alþingi að jafna að fullu raforkuverð til almennra nota í dreifibýli til jafns við raforkuverð til almennra nota í þéttbýli.

Greinargerð:

Meða nýrri skipan raforkumála voru samþykkt sérstök lög nr. 98/2004 um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Þar kemur fram að: Markmið laga þessara er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda. Í lögum segir m.a. greiða skal niður kostnað almennra notenda vegna dreifingu raforku á þeim svæðum sem orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifibýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5 mgr. 17.gr.raforkulaga.nr 65-2003.

Í lögum stendur einnig: Skilyrði niðurgreiðslu er að meðal-dreifingakostnaður notenda á orkueiningu sé umfram viðmiðunarmörk sem ráðherra setur í reglugerð.

Við ákvörðun viðmiðunarmarkna skal taka mið af hæstu gjaldskrár dreifiveitu að dreifibýlisgjaldskrár undanskildum. Þeirri fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni skal skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifibýlisgjaldskrársvæði miðað við kostnað dreifiveitu umfram viðmiðunarmörk í reglugerð.

Pegar löggin tóku gildi í upphafi árs 2005 var veitt 230 m. kr. í þennan málaflök. Gert var ráð fyrir að sú upphæð dyggði til að verðjafna sem þó reyndist ekki alveg duga milli dreifibýlis og þéttbýlisgjaldkrám hjá dýrustu þéttbýlisveitunni.

Í dag er veitt 240 m. kr í þennan málaflök en þyrfti að vera um 1.100. m. kr til að jafna muninn alveg. Ef þessi munur væri jafnaður yrði raforkuverð til heimila á Íslandi nánast sama um allt land.

Greiddslujöfnun til húshitunar.

Aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. – 15. sept. 2012 skorar á Alþingi að fara að tillögum varðandi niðurgreiðslur til húshitunar sem starfshópur á vegum lðnaðarráðuneytisins hefur skilað í „**skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar (des 2011**“) og tekur Aðalfundur SSA eindregið undir þær tillögur sem þar eru settar fram.

Greinargerð:

Í dag eru hitaniðurgreiðslur samkvæmt fjárlögum um 1200 m kr. Sú upphæð hefur lítið breyst á undanförunum árum en var um 900 m. kr á árinu 2005. Samkvæmt tillögum starfshóps um breytingar á niðurgreiðslunum þarf um 1700 m. kr. í þessar niðurgreiðslu.

Stofnanir ríkisins á Austurlandi

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, ítrekar áskoranir á þingmenn kjördæmisins að verja þau mikilvægu störf og þjónustu sem eru á vegum stofnana ríkisins í fjórðungnum. Fundurinn mótmælir fækkun á opinberum störfum á Austurlandi. Það dregur verulega úr möguleikum landsbyggðarinnar á að hafa áhrif og taka virkan þátt í þróun stjórnsýslu ríkisins. Fundurinn leggur áherslu á að ríkisvaldið efli starfsemi opinberra aðila á landsbyggðinni með tilfærslu starfa og nýrra verkefna.

Framkvæmdir á vegum ríkisins

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, hvetur stjórnvöld til að ráðast í fyrirliggjandi mannaflafræk fjárfestingaverkefni, til að stuðla að bættri stöðu í vektakastarfsemi á Austurlandi og varðveita jafnframt þá þekkingu og reynslu sem nú ríkir í fjórðungnum.

Fundurinn leggur jafnframt áherslu á að stöðuleiki í efnahagsmálum og eðlilegt rekstrarumhverfi er nauðsynlegt til þess að atvinnulífið geti ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar.

Þá er mikilvægt að ríkisvaldið flýti eins og kostur er verkefnum sem þegar eru í startholunum.

Leiðbeinandi og samræmdar vegamerkingar

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, hvetur Vegagerðina í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila, að vinna að bættari merkingu við þjóðvegi til hagsbóta fyrir landsmenn og erlenda ferðamenn. Fundurinn leggur sérstaka áherslu á að merkingar varðandi leiðarval með tilliti til stystu leiða, ástands vega og merkingar er vísa á áhuga-verða staði verði bættar.

Vatnajökulspjóðgarður

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, ítrekar að starfsemi Snæfellsstofu á Skriðuklaustri verði eflid. Nauðsynlegt er að kynna starfsemina vel fyrir ferðamönnum og ekki síður fyrir íbúum fjórðungsins. Stjórnvöld eru hvött til að standa við gefin fyrirheit um framlög til uppbyggingar og reksturs þjóðgarðsins. Mikilvægt er að bæta almennt aðgengi með vegabótum, stígum og merkingum, enda fylgja slíku margháttuð tækifæri til atvinnusköpunar í sátt við náttúruvernd. Fundurinn leggur áherslu á að stjórnun þjóðgarðsins sé á höndum heimamanna. Þess verði jafnframt gætt sem kostur er, að tekið verði tillit til sjónarmiða ferðaþjónustufyrirtækja, félagasamtaka og annarra aðila sem nýta þjóðgarðinn.

Framlag til ferðamála og upplýsingamiðstöðva

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, hvetur yfirvöld til að draga hvergi úr stuðningi sínum til ferðamála. Stuðningur hins opinbera við ferðaþjónustuna hefur sannanlega skilað árangri og skiptir sköpum fyrir þessa atvinnugrein.

Fundurinn hvetur ferðamálayfirvöld til þess að stýra áttakinu „Ísland allt árið“ á þann veg að Austurland jafnt og önnur landsvæði njóti ávinnings af áttakinu.

Upplýsingamiðstöðvar eru afar mikilvægur þáttur í að fjölga áfangastöðum ferðamanna, vísa þeim leið og tryggja ánægjulega dvöl. Því skorar aðalfundur SSA á stjórnvöld að tryggja nægjanlegt fjármagn til áframhaldandi reksturs landshluta- og landamæraupplýsingamiðstöðva á Austurlandi.

Hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, mótmælir harðlega öllum áformum og vinnubrögðum ríkisvaldsins til að auka álögur á ferðaþjónustuna með hækkun virðisaukaskatts. Slík aukin skattlagning mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir ferðaþjónustu á Austurlandi. Með slíkri skattlagningu mun áfallið verða mest fyrir ferðaþjónustu sem lengst er að sækja til, á Austurland og Vestfirði

Farþega- og vöruflutningar til og frá Austurlandi

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, vekur athygli á samgönguöxlunum þremur á Austurlandi, ferjuhöfn á Seyðisfirði, alþjóðaflugvelli á Egilsstöðum og vöru-

höfn á Reyðafirði. Enn eru fjölmörg tækifæri til frekari nýtingar og framþróunar og þannig atvinnusköpunar í fjórðungnum sem byggja á þessum samgöngumannvirkjum og nálægðinni við Evrópu. Fundurinn hvetur til áframhaldandi samstarfs sveitarfélaganna og stofnanna um markaðssetningu og stuðning við það góða starf sem þegar er unnið, sem og frekari nýsköpun á þeim grunni.

Endurvinnsla úrgangs á Austurlandi

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, hvetur stjórn SSA til að kanna möguleika á frekari endurvinnslu í fjórðungnum og vinna að sameiginlegri framtíðarsýn í úrgangsmálum fjórðungsins.

Refa og minkaveiðar

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, skorar á ríkisvaldið að tryggja aftur fjármagn til sveitarfélaga vegna refa og minkaveiða. Veiðarnar stuðla að því að unnt sé meta og draga úr tjóni af völdum refa og minnka. Fundurinn leggur enn fremur til að tryggðar verði endurgreiðslur á virðisaukaskatti til sveitarfélaganna.

Hreindýr á Austurlandi

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, hvetur ríkisvaldið til að flytja alla umsýslu og stjórnun hreindýraveiða heim í hérað. Hreindýr eru auðlind sem fyrirfinnst aðeins á Austurlandi og því telur fundurinn eðlilegt að öll umsýsla og stjórnun sé staðsett í fjórðungnum.

Háhraðatengingar

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, gerir alvarlegar athugasemdir við þá mismunun sem er á milli minni og stærri sveitarfélaga hvaða varðar aðgengi að og kostnað vegna háhraðatenginga. Á sama tíma og meiri áhersla er lögð á fjarvinnsluverkefni, fjárnám og viðskipti á netinu skýtur það sökku við að minni sveitarfélög skulu þurfa að bera umtalsverðan kostnað af því sem í stærri sveitarfélögum heitir „uppfærsla“ og er þeim að kostnaðarlausu. Sveitarfélögum er nauðugur sá kostur að taka þessum afarkostum enda vandséð hvernig þau geti ætlað íbúum og fyrirtækjum að sitja ekki við sama borð og aðrir landsmenn þegar kemur að nettenginum. Aðalfundurinn beinir þeim tilmælum til Símans hf. og Póst- og fjarskiptastofnunar að endurskoða þessi kjör og í framhaldi af því að tryggja jafnan aðgang landsmanna að nettenginum.

Efling stoðkerfisins á Austurlandi

Með stofnun Austurbrúar er stefnt að sem bestri nýtingu á stoðkerfi atvinnulífs, menntunar og menningar í þágu fyrirtækja og einstaklinga á Austurlandi. Mikilvægt er að Austurbrú fái aukin stuðning frá ríkisvaldinu meðan verið er að festa starfsemina í sessi.

Nauðsynlegt er að auka fjármagn til að styrkja frumkvöðla- og nýsköpunarstarf í fjórðungnum. Sérstaklega þarf huga að jaðarsvæðunum í því tilliti. Þá liggur fyrir brýn nauðsyn varðandi eflingu atvinnuþróunarstarfs sem beinist að konum.

Framlög til verkefna vegna Norðausturnefndar

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, skorar á fjárveitingavaldið að veita áfram framlög til þeirra mikilvægu og fjölbreyttu verkefna sem stofnað var til

að frumkvæði Norðausturnefndarinnar. Ástæða er til að gera fasta samninga um flest þeirra verkefna vegna mikilvægis þeirra fyrir einstök byggðarlög.

Breytt fyrirkomulag aðalfunda SSA

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012, beinir því til stjórnar SSA að taka til skoðunar breytt fyrirkomulag aðalfunda SSA. Sjónum verði sérstaklega beint að aðferðum sem auka áherslur á samræðu sveitarstjórnarfulltrúa. Jafnframt verði hugað að leiðum til að auka vægi stefnumarkandi niðurstaðna af þeim fundum í samstarfi við Austurbrú sem stoðstofnun sveitarfélaga og atvinnulífs á Austurlandi.

Til máls tóku Jens Garðar Helgason, Eiður Ragnarsson, Jón Björn Hákonarson, Cecil Haraldsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Páll Baldursson, Elvar Jónsson, Gunnar Jónsson og Guðmundur Þorgrímsson.

Jens Garðar Helgason bar upp ályktun um sjávarútveg, þingskjal nr. 16 b.

„Sjávarútvegurinn er einn af stærstu burðarásum atvinnulífs á Austurlandi. 46. Aðalfundur SSA mótmælir harðlega þeirri atlögu sem verið hefur á þessa mikilvægu atvinnugrein í fjórðungnum. SSA minnir á að stórauðinn auðlindaskattur er ekkert annað en landsbyggðarskattur og dregur úr möguleikum sjávarútvegsfyrirtækja til að fjárfesta og greiða starfsfólki sínu góð og samkeppnishæf laun.“

Cecil Haraldsson bar upp aðra ályktun um sjávarútveg gegn tillögu Jens, þingskjal nr. 16 c.

„46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. sept. 2012 gerir þá kröfu til stjórnvalda að þau tryggi að ákvarðanir um stjórn og fyrirkomulag fiskveiða verði með þeim hætti að hlutur sjávarbyggða sem eiga alla afkomu sína undir veiðum og vinnslu á sjávarfangi verði tryggður. Fundurinn skorar jafnhlitða á stjórnvöld að einhenda sér í mótuð verði ábyrg byggðastefna svo hægt verði að skapa varanlega framtíðarsýn og sátt m.a. um grunnatvinnuvegina sem er forsenda byggðar í landinu.“

Guðmundur Þorgrímsson bar upp tillögu um að vísa tillögum Jens Garðars Helgasonar og Cecils Haraldssonar um sjávarútvegsmál til samstarfsnefndar. Sú tillaga var samþykkt með 27 atkvæðum gegn einu.

Páll Baldursson kom með breytingartillögu á orðalagi í liðnum um stofnanir á Austurlandi, að setja punkt á eftir Austurlandi í setningunni „Fundurinn mótmælir fækkun á opinberum störfum...“ og fella út orðalagið „oftast á höfuðborgarsvæðinu“ og orðið „draga“ verður „dregur“ í kjölfarið. Önnur málsgrein hljóðar svo: Fundurinn mótmælir fækkun á opinberum störfum á Austurlandi, það dregur verulega úr möguleikum landsbyggðarinnar á að hafa áhrif og taka virkan þátt í þróun stjórnsýslu ríkisins. Breytingartillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 16 var borið undir atkvæði í heild sinni með áorðnum orðalagsbreytingum og samþykkt samhljóða.

E) Allsherjarnefnd, Sigrún Blöndal, hópstjóri flutti framsögu. Þingskjal nr. 17.

1) Ályktun um heilbrigðisþjónustu

46. aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012, skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, Alþingi og ríkisstjórn Íslands, að standa vörð um þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í fjórðungnum, og treysta rekstrargrunn hennar eftir langvarandi niðurskurð og hagræðingar. **Frekari skerðingar á þessari mikilvægu nærþjónustu mun valda auknu óöryggi meðal íbúa og fyrirtækja á Austurlandi og veikir þannig búsetuskilyrði og fjölbreytt atvinnulíf í fjórðungnum.** Heilbrigðisþjónusta í nærumhverfi er einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum þar sem samgöngur eru erfiðar og því verða stjórnvöld að taka tillit til þeirra staðhátta sem einkenna Austurland þegar framlög til heilbrigðismála eru ákveðin.

Íbúar alls Austurlands eiga skýlausan rétt, samkvæmt núgildandi lögum, á ásættanlegu aðgengi að heilbrigðisþjónustu eins og aðrir landsmenn.

2) Ályktun um Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA)

46. aðalfundur SSA, haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012, skorar á Alþingi, fjárveitingavaldið og ráðuneyti velferðarmála að sjá til þess að fjárframlög til stofnunarinnar taki mið af raunverulegri starfsemi hennar og getu til að þjóna öllum íbúum og gestum á víðfemu starfsvæði stofnunarinnar. Fundurinn tekur undir ályktun læknaáðs HSA, frá 24. maí 2012, um svokallaða læknalesa daga á Vopnafirði og Djúpvogi og telur slíkar lausnir á rekstrarvanda stofnunarinnar óásættanlegar, hættulegar og að þær mismuni íbúum á þjónustusvæðinu. Þá fordæmir fundurinn allar tillögur um að loka Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað í sparnaðarskyni yfir sumarmánuðina.

Greinargerð

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) hefur þrátt fyrir verulegan niðurskurð á fjárframlögum á síðustu árum tekist að mestu að halda uppi nauðsynlegri þjónustu á stóru starfsvæði sínu. Stofnunin hefur á undarförnum árum, með aukinni tækjavæðingu, getu og tiltrú á stofnunina, orðið færari um að sinna stærri hluta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem annars þyrfti að sækja í aðra landsfjórðunga, eða til höfuðborgarsvæðisins, með tilheyrandi kostnaði. Það er því augljóslega hagkvæmt fyrir bæði íbúa Austurlands, sem og fyrir hið opinbera að sem mest af heilbrigðisþjónustunni sé veitt í nærumhverfi með staðbundinni grunnþjónustu og skipulagðri komu farandsérfræðinga sem nýta tilbúna fjárfestingu og góða aðstöðu á FSN, eða öðrum starfstöðvum HSA. Íbúar Austurlands eiga sama rétt og aðrir landsmenn á að njóta þjónustunnar í sínum byggðarlögum, jafnt ungir sem alnir. Gæta þarf hagsmuna einstaklinga á öllum stigum heilbrigðisþjónustu.

Með stofnun HSA voru stigin mikilvæg skref til eflingar starfseminnar í landshlutanum og hagræðingar. Þessi hagræðingarskref voru tekin af frumkvæði heimamanna og skiluðu þau árangri og hafa verið notuð sem fyrirmynd í öðrum landshlutum í sameiningum heilbrigðisstofnana. Á undanföllum árum hafa stjórnvöld lagt fram kröfu um hagræðingu í heilbrigðisgeiranum og hefur í tilfelli HSA verið tekin meira en fimmta hver króna út úr rekstrargrunni stofnunarinnar.

Í þessu hefur ekki verið tekið tillit til sérstöðu Austurlands með dreifbýli, mörgum byggðakjörnum, erfiðum samgöngum og miklum kostnaði við að sækja þjónustu út fyrir fjórðunginn.

Því er það krafa aðalfundar SSA að framlög til HSA verði leiðrétt með hliðsjón af framansögðu.

3) Ályktun um samskipti ríkis og sveitarfélaga

46. aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012, fagnar og er fylgjandi auknum flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga, eða landshlutasamtaka þeirra, sem betur eiga heima í nærumhverfi sveitarstjórnarstigsins, en krefst þess jafnframt að íþyngjandi skilyrðum af hálfu ríkisvaldsins á hendur sveitarfélögum verði stillt í hóf, og að þeim fylgi ávallt vandað kostnaðarmat og viðunandi tekjustofnar.

4) Ályktun um málefni aldraðra

46. aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012 skorar á stjórnvöld og Samband íslenskra sveitarfélaga að setja kraft í viðræður sín á milli um að sveitarfélögin taki yfir málefni aldraðra. Nú eftir að sveitarfélögin hafa tekið yfir málefni fatlaðra er eðlilegt að næsti málaflokkur nærþjónustunnar í heimabyggð fari yfir til þeirra enda fylgi honum eðlilegir tekjustofnar frá ríkisvaldinu. Áhersla er þó lögð á að árangursmati vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks verði lokið áður en hafist verður handa við tilflutning á málefnum aldraðra.

5) Ályktun um starfsemi Heilbrigðiseftirlits Austurlands, (HAUST)

46. aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012 beinir því til stjórnvalda og Sambands íslenskra sveitarfélaga að ræða á opinskáan hátt um verkefnatilflutning milli ríkisstofnana og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og tryggja að slíkur flutningur verði ekki falinn í breytingum á lögum og/eða reglugerðum með þeim afleiðingum að verkefni færast frá nærumhverfinu til ríkisstofnana.

Greinargerð:

Á undanförunum árum hafa endurtekið verið gerðar laga- eða reglugerðarbreytingar sem hafa í för með sér verkefnatilflutning frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til ríkis. Sveitarfélög á Austurlandi hafa stutt dyggilega við bakið á HAUST með þeim árangri að HAUST hefur haldið og/eða fengið samninga um að fara með verkefni f.h. eftirlitsstofnana á vegum ríkisins (Matvælastofnunar, MAST og Umhverfisstofnunar, UST). Með þessu móti hefur verið unnt að tryggja verkefni og störf hjá HAUST og eftirlitsþegum þjónustu úr nærumhverfinu.

Enn er unnið að breytingum á lögum sem hafa í för með sér tilflutning verkefna. Má nefna áformaðar breytingar á lögum um efni og efnablöndur og einnig breytingar á hollustuháttalögum sjálfum. Verkefnatilflutningur sem um ræðir getur haft í för með sér færri verkefni á forræði sveitarfélaga og minnkandi áhrif þeirra í málefnum umhverfis- og almennra hollustuhátta.

6) Ályktun um þjónustu ríkisstofnana

46. aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012 leggur áherslu á að stjórnvöld hugi að því að gæta fyllstu hagkvæmni í rekstri opinberra stofnana. Aðalfundur leggur áherslu á að stjórnvöld hugi að því að nýta þann mannafla sem til staðar er og á viðkomandi landsvæðum í stað

þess að nota þjónustu frá höfuðstöðvum í Reykjavík (ss. vegna tollgæslu, matvælaeftirlits o.fl.)

7) Tilhögun aðalfunda

Allsherjarnefnd beinir því til stjórnar SSA að hugað verði að því að breyta tilhögun aðalfunda. Þar verði hugað að því að efla samræðu sveitarstjórnarmanna af öllu Austurlandi og fundirnir verði skipulagðir með það í huga. Fulltrúar á aðalfundi leggi þá meiri áherslu á að ræða innri málefni landshlutans og það sem helst brennur á hverju sinni og efla jafnframt tengsl sín á milli.

Greinargerð

Tækifæri hinna almennu sveitarstjórnarmanna til að ræða saman og skiptast á skoðunum eru takmörkuð. Á aðalfundum SSA eru þó margir þeirra samankomnir og fundirnir væru því vel til þess fallnir að styrkja tengsl manna og vettvangur til að ræða sameiginleg verkefni, hverjar sem skoðanir manna eru á þeim. Það er nauðsynlegt að gefa kjörnum fulltrúum tækifæri til að hittast, ekki aðeins til að sitja saman undir sama þaki – heldur til að geta rætt málin, skipst á skoðunum og ef svo vill verkast - ná samkomulagi um hin mörgu mál sem okkur ber að taka afstöðu til og ákvarðanir um.

Til máls tóku Jens Garðar Helgason og Gunnþórunn Ingólfsdóttir.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir lagði til breytingu á 6. lið, að felld yrði út „gæta fyllstu hagkvæmni í rekstri opinberra stofnana. Liður í slíkri viðleitni væri að“. 6. liður hljóðar svo: 46. aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012 leggur áherslu á að stjórnvöld hugi að því að gæta fyllstu hagkvæmni í rekstri opinberra stofnana. Aðalfundur leggur áherslu á að stjórnvöld hugi að því að nýta þann mannafla sem til staðar er... Breytingartillaga samþykkt samhljóða.

Pingskjal nr. 17 var borið undir atkvæði í heild sinni með áorðnum orðalagsbreytingum og samþykkt samhljóða.

F) Samgöngunefnd, Páll Björgvin Guðmundsson flutti framsögu.

Pingskjal nr. 18.

Tillögur samgöngunefndar SSA lagðar fyrir aðalfund á Borgarfirði eystri 15. september 2012.

a) Jarðgangnagerð

Samgöngunefnd SSA fagnar sérstaklega flýtingu Norðfjarðarganga með upphafi framkvæmda á næsta ári. Um leið og nefndin minnir á að jarðgangagerð verði að fjármagna með sértækum hætti leggur hún að sama skapi mikla áherslu á mikilvægi þess að hefja nú þegar rannsóknir og undirbúning að næstu göngum í fjórðungnum þ.e. Fjarðarheiðar- og í framhaldi Lónsheiðar- og Vopnafjarðargöngum.

b) Forgangsframkvæmd í vegagerð

Samgöngunefnd SSA leggur áherslu á framkvæmdir við heilsársveg um Öxi hefst sem fyrst. Framkvæmdir hefur tafist úr hófi frá áætlunum en Axarvegur er stærsta og brúnasta framkvæmd í vegagerð á Austurlandi að mati nefndarinnar. Mikilvægt er að koma framkvæmdinni í gang strax á árinu 2014 með verklokum eigi síðar en 2017. Mikilvægt er að með nýframkvæmd um Axarveg verði í sameiginlegu útboði leyst tvö brýn samgönguverkefni á þjóðvegi 1 sem eru órjúfanlegir hlutar Axarvegar þ.e. í botn Skriðdals og Berufjarðar.

c) Brýnar framkvæmdir og viðhald vega

Gera þarf átak í því að koma á bundnu slitlagi á vegakafla sem enn eru með malaryfirborði. Eru þar fremstir í flokki Borgarfjarðarvegur, Þjóðvegur nr. 1 um Breiðdal, vegurinn um Jökulsárhlið og Upphéraðsvegur um Fell. Jafnframt er nauðsynlegt með tilliti til öryggis, að fjármagni verði varið í endurbyggingu á vegköflum í botni Reyðarfjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar og Hamarsfjarðar.

d) Brýr

Nauðsynlegt er að ráðast í átak til að fækka einbreiðum brúm, en á Austurlandi er t.a.m. að finna bróðurpart allra einbreiðra brúa sem enn eru á Þjóðvegi nr. 1 auk fjölmargra annarra og hefur fjórðungurinn verið látinn sitja verulega á hakanum þegar kemur að endurnýjun.

Nefndin telur brýnt að nýrri Lagarfljótsbrú við Egilsstaði verði aftur fundinn staður í samgönguáætlun.

e) Almenningsamgöngur

Samgöngunefnd fagnar þeirri vinnu sem farið hefur fram í heildstæðu skipulagi almenningsamgangna á landsvísu. Nefndin telur mikilvægt að til þess að almenningsamgöngur verði raunhæfur valkostur á landsbyggðinni þurfi að auka fjármagn til þeirra líkt og gert hefur verið á höfuðborgarsvæðinu.

f) Egilsstaðaflugvöllur

Samgöngunefnd SSA leggur áherslu á að ráðist verði í nauðsynlegar úrbætur við Egilsstaðaflugvöll og hann efldur sem valkostur í millilandaflugi. Í því sambandi skal ítrekað mikilvægi þess að flughlað við Egilsstaðaflugvöll verði stækkað til að auka öryggi flugvallarins og notkun hans. Framkvæmda- og rekstrarfé verði áfram tryggt til flugvallarins.

Nefndin beinir því til stjórnvalda að skoða þann möguleika að létta álagi á Keflavíkflugvöll m.a. með því að beina hluta af flugi t.d. með ferðamenn á Egilsstaðaflugvöll. Víða erlendis tíðkast að dreifa flugsamgöngum með þessum hætti og eru þá oft boðin lægri þjónustugjöld. Áhersla er lögð á að samgönguguyfirvöld komi með virkum hætti að markaðssetningu flugvallarins.

g) Innanlandsflug

Samgöngunefnd leggur áherslu á mikilvægi öflugs innanlandsflugs og að áfram verði áætlunarflug til Vopnafjarðar með tengiflugi við Akureyri. Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að Norðfjarðarflugvöllur verði lagður bundnu slitlagi þannig að hann megi þjóna sjúkraflugi sem best.

Samgöngunefnd áréttar fyrri ályktanir um mikilvægi þess að staðsetning Reykjavíkflugvallar haldist óbreytt. Ætli Reykjavík að standa undir nafni sem höfuðborg alls landsins er mikilvægt að ráðamenn meðtaki þá staðreynd að stór hluti landsmanna sækir nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum.

h) Hafnir

Samgöngunefnd leggur áherslu á að haldið verði áfram að styrkja hafnarframkvæmdir í samræmi við hljóðan 24.gr hafnarlagu og að við endurskoðun þeirra verði tekið tillit til mikilvægi þess að auk nýframkvæmda taki þau til meiriháttar viðhalds hafna.

i) Fjarskipti

Samgöngunefnd SSA beinir því til samgönguguyfirvalda að gera átak í því að bæta þjónustu 3G-kerfis með því að flýta uppfærslu þess í 4 G svo og háhraðanettenginga í smærri sveitarfélögum. Sérstök áhersla skal lögð á að litið verði til þarfa sjófarenda, þá er mjög slitrótt samband á vegum í fjórðungnum. Nefndin leggur áherslu á það sanngirnismál að allir íbúar landsins (einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir) sitji við sama borð varðandi verðlagningu á gagnaflutningum og háhraðatengingum, óháð búsetu og í samræmi við flutningsgetu.

j) Þylusveit á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september leggur áherslu á að unnið verður að því að aðstaða og hluti útgerðar þylusveitar Landhelgisgæslunnar verði á Egilsstaðaflugvelli. Einnig verði tryggt að Egilsstaðaflugvöllur verði notaður sem flugmiðstöð vegna starfsemi sem tengd er hugsanlegri olíuleit á Drekasvæðinu, samanber tillögur sérfræðinga þar um (Þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði – Aðstöðusköpun og staðarval, lðnaðarráðuneytið, Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur, september 2008).

k) Ályktun um Drekasvæði, olíuleit. (vísað til samstarfsnefndar)

Aðalfundur SSA haldinn á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2012 fagnar þeirri ákvörðun stjórnvalda að láta fara fram útboð á olíuleit á Drekasvæðinu, sem getur haft veruleg áhrif á atvinnuuppbyggingu á Austurlandi öllu.

Fundurinn styður eindregið við þá vinnu sem Vopnafjarðarhreppur og Langanesbyggð hafa unnið varðandi undirbúning á uppbyggingu þjónustumiðstöðvar á Vopnafirði og undirstrikar mikilvægi þess að sem stærstur hluti þjónustunnar verði veittur þaðan og frá öðrum stöðum á Austurlandi.

Stjórnvöld eru einnig hvött til þess að reyna allt sem í þeirra valdi stendur til þess að tryggja að sem mestur hluti þjónustu við olíuleitina verði veitt frá Íslandi.

Jafnframt telur fundurinn mikilvægt að tryggð verði góð aðstaða fyrir þyluflug á Egilsstöðum til þess að þjónusta þá miklu umferð á þylum til og frá landi í þessu sambandi.

Aðalfundurinn telur þessa þróun jafnframt undirstrika mikilvægi þess að björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar verði staðsett á Austurlandi.

Til máls tóku Eyrún Arnardóttir, Eiður Ragnarsson, Stefán Bogi Sveinsson, Jón Björn Hákonarson, Jens Garðar Helgason, Þórunn Egilsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Eyrún Arnardóttir gerði tillögu að orðalagsbreytingu í f) lið, að „og efli hann“ verði bætt inn í fyrstu málsgrein. Málsgreinin hljóðar svo: Samgöngunefnd SSA leggur áherslu á að ráðist verði í nauðsynlegar úrbætur við Egilsstaðaflugvöll og hann efldur sem valkostur í millilandaflugi. (Út fellur svo hann standi undir nafni sem valkostur í millilandaflugi). Breytingin samþykkt samhljóða.

Eiður Ragnarsson lagði fram tillögu um að í stað b) liðar kæmi eftirfarandi:

„Ályktun um faglega umræðu er varðar forgangsröðun í vegamálum á Austurlandi

Lagt er til að fram fari óháð faglegt mat á næstu vegabótum í fjórðungnum, þar sem lagðir verða til grundvallar áhrifaþættir í forgangsröðum vegabóta sbr. samgönguáætlun Alþingis þ.e. öryggi vegfarenda, greiðfærni, umhverfi og byggðamál. Horfa mætti síðan til annarra þátta s.s. umferðarþungi, stytting vegalengda, tryggjar heilsársamgöngur, kostnaður o. fl. Þetta mat yrði lagt til grundvallar forgangsröðun endurbóta á vegakerfi fjórðungsins. Með þessari tillögu eru sveitarstjórnarmenn á Austurlandi hvattir til nýrrar nálgunar við áfarmhaldandi umræðu um endurbætur á vegakerfi fjórðungsins.“

Tillagan var felld með 22 atkvæðum á móti 14.

Stefán Bogi Sveinsson lagði fram vísunartillögu: „Lagt er til að k) lið um olíuleit á Drekasvæðinu verði vísað til samstarfsnefndar SSA sem starfar milli þinga“.

Tillagan var samþykkt með 25 atkvæðum gegn 6.

Jón Björn Hákonarson kom með breytingartillögu á i) lið, að bæta við „með því að flýta uppfærslu þess í 4G“. Málsgreinin hljóðar svo: Samgöngunefnd SSA beinir því til samgönguyfirvalda að gera átak í því að bæta þjónustu 3G- kerfis með því að flýta uppfærslu þess í 4G svo og háhraðanettenginga í smærri sveitarfélögum. Breytingartillagan samþykkt samhljóða.

Hver liður fyrir sig í þingskjali 18 var borin undir atkvæði:

- a) liður: samþykkt samhljóða
- b) liður var samþykktur með 22 atkvæðum gegn 14
- c) liður: samþykkt samhljóða
- d) liður: samþykkt samhljóða
- e) liður: samþykkt samhljóða
- f) liður: samþykkt samhljóða með áorðnum orðalagsbreytingum
- g) liður: samþykkt samhljóða
- h) liður: samþykkt samhljóða
- i) liður: samþykkt samhljóða með áorðnum orðalagsbreytingum
- j) liður: samþykkt samhljóða

Eiður Ragnarsson lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Fjarðabyggðar hafa lagt fram tillögu um að fagleg umræða fari fram um forgangsröðun í vegamálum á Austurlandi. Sú tillaga hefur ekki fegnið brautargengi í meðferð þingsins. Við styðjum að vegasamgöngur um Öxi verði bættar og jafnframt að eitt af forgangsmálunum í vegagerð á Austurlandi sé að ljúka vegagerð um Berufjörð með bundnu slitlagi. Áherslumunur í þessu máli er á skoðunum okkar og fulltrúa annarra sveitarfélaga um hvort byggja eigi upp vegi á láglandi með ströndinni eða færa uppbyggingu vega í svo mikla hæð sem heilsársvegur um Öxi yrði. Einnig teljum við að ályktunin samræmist ekki markmiðum nýsamþykkrar samgönguáætlunar Alþingis. Því erum við knúin til þess að vera á móti b) lið ályktunarinnar eins og hann er samþykktur hér en vísun til tillögu okkar um óháð faglegt mat á vegabótum í fjórðungnum.

G) Kosningar samkvæmt samþykktum SSA. Formaður kjörnefndar Þórunn Egilsdóttir, flutti framsögu. Þingskjal nr. 19.

Tillögur kjörnefndar til aðalfundar SSA á Borgarfirði eystri 14. og 15. september 2011:

Aðalmenn:

Stefán Bogi Sveinsson
Arnbjörg Sveinsdóttir
Þórunn Egilsdóttir
Valdimar O. Hermannsson
Sigrún Blöndal
Unnur Björgvinsdóttir
Gauti Jóhannesson

Varamenn:

Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Vilhjálmur Jónsson
Bárður Jónasson
Jón Björn Hákonarson
Jón Þórðarson
Gunnlaugur Ingólfsson
Andrés Skúlason

Ekki bárust aðrar uppástungur og voru framantaldir einstaklingar því sjálfkjörnir til þessara embætta.

H) Tillaga stjórnar um skoðunarmenn:

Aðalmenn:

Sigurbjörg Hjaltadóttir,
Fjarðabyggð
Þórunn Hálfðánardóttir,
Fljótaldalshéraði

Varamenn:

Ólafía Stefánsdóttir, Seyðisfirði
Ómar Bogason, Seyðisfirði

Ekki bárust aðrar uppástungur og voru framantaldir einstaklingar því sjálfkjörnir til þessara embætta.

11. Fundarslit

Páll Björgvin Guðmundsson tók til máls og bauð Fjarðarbyggð fram sem næsta fundarstað fyrir aðalfund SSA 2013.

Valdimar O. Hermannsson þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sérstaklega heimasveitarfélagi fyrir góða aðstöðu og starfsmönnum fundarins. Þá þakkaði hann fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið og óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju með kosninguna. Valdimar óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar.

Sleit hann síðan 46. aðalfundi SSA kl. 14:55.

Samþykkt að fundarritarar og fundarstjórar gangi sameiginlega frá fundargerð.

Fundarstjórar:

Björn Ármann Ólafsson
Kristjana Björnsdóttir

Fundarritarar:

Hrund Snorradóttir
Sigurbjörg Hjaltadóttir

Skýrsla stjórnar SSA Starfsárið 2011 - 1012

Til aðalfundar SSA 14. - 15. september 2012

Pingskjal nr. 2

Á 45. aðalfundi SSA sem haldinn var á Hallormsstað 30. sept. og 1. okt. 2011 var kosið í stjórn SSA starfsárið 2011-2012 sem hér greinir:

Aðalmenn

Stefán Bogi Sveinsson, Fljótsdalshéraði
Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisfjarðarkaupst.
Þórunn Egilsdóttir, Vopnafjarðarhreppi
Valdimar O. Hermannsson, Fjarðabyggð
Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
Unnur Björgvinsdóttir, Breiðdalshreppi
Gauti Jóhannesson, Djúpavogshreppi

Varamenn

Sigrún Blöndal, Fljótsdalshéraði
Jón Þórðarson, Borgarfjarðarhreppi
Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótsdalshr.
Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggð
Elvar Jónsson, Fjarðabyggð
Gunnlaugur Ingólfsson, Breiðdalshreppi
Andrés Skúlason, Djúpavogshreppi

Á fyrsta fundi stjórnar var Valdimar O. Hermannsson kjörinn formaður, fyrsti varaformaður Stefán Bogi Sveinsson og annar varaformaður Arnbjörg Sveinsdóttir. Eiga þau því samhlíða sæti í framkvæmdaráði stjórnar SSA.

Á aðalfundinum 2011 var ákveðið að stofna 2 starfsnefndir, Samgöngunefnd SSA og Samstarfsnefnd. Sveitarfélögin

tilnefndu síðan í nefndirnar eftir aðalfundinn. Samantektir um fundi þeirra og verkefni liggja frammi hér á aðalfundinum og verða þeim ekki gerð skil í skýrslu þessari, heldur vísað til fyrirbyggjandi gagna.

Hér fer á eftir samantekt um helstu verkefni, sem stjórn SSA, framkvæmdastjóri, verkefnastjórar og skrifstofa sambandsins hafa unnið að á starfsárinu.

STJÓRNARFUNDIR OG FRAMKVÆMDARÁÐSFUNDIR

Á starfsárinu voru haldnir alls 9 stjórnarfundir og 7 framkvæmdaráðsfundir. Eins og áður er reynt að dreifa fundum um starfssvæði SSA. Segja má að starf stjórnar hafi verið nokkuð hefðbundið á starfsári því sem nú er brátt runnið til enda. Ný verkefni litu þó dagsins ljós og unnið var áfram að ýmsum verkefnum, sem komin voru í gang við upphaf starfsársins. Verður þeirra getið hér aftar. Allar fundargerðir er að finna á www.ssa.is



Fyrir aðalfundinn 2011 voru drög að til-lögum send út til sveitarfélaga til um-fjöllunar. Stjórn lagði þær síðan fram í sínu nafni. Með þessari aðferð aukast möguleikar sveitarstjórnarmanna að kynna sér drögin fyrir fundinn og eiga þess kost að hafa meiri áhrif á innihald endanlegra samþykka þeirra. Auk þess er á dagskránni skv. hefð liðurinn „Til-lögur frá stjórn og aðalfundarfulltrúum“, sem gerir hverjum og einum kost á því að koma hugðarefnum sínum til umfjöllunar hjá einni eða fleiri starfsnefndum fundarins.

STARFSMANNNAHALD Á SKRIFSTOFU

Skrifstofa SSA var staðsett á Djúpavogi allt starfsárið. Björn Hafþór Guðmundson gegndi starfi framkvæmdastjóra til ársloka 2011, en hélt áfram sem verkefnastjóri til 18. maí 2012. Þá hafði starfsemi SSA tengst verkefnum hinnar nýstofnuðu Austurbrúar og Ólafur Áki Ragnarsson, fyrrum starfsmaður Pró-unarfélags Austurlands og nú starfsmaður Austurbrúar tók við verkefnum á sveitarstjórnarstigi. Auk þess er gert ráð fyrir í skipuriti Austurbrúar að framkvæmdastjóri hinnar nýju stofnunar annist ákveðna þætti starfseminnar, ásamt formanni SSA. Til þessa hafði framkvæmdastjóri verið eini fasti starfsmaður SSA, en hér varð á eðlisbreyting vegna samstarfsins við Austurbrú. SSA kaupir bókhaldsaðstoð, launaútreikning o.fl. af Skrifstofuþjónustu Austurlands.

HEIMASÍÐA SSA /

www.ssa.is - www.austurbru.is

Gerðar hafa verið á undangengnum 3 misserum gagngerar endurbætur á heimasíðu SSA. Hún er nú vistuð hjá Austurbrú. Samhliða hefur magn upp-lýsinga á heimasíðunni verið aukið. Þar er nú t.d. að finna skýrslu frá síðustu aðalfundum SSA í heild. Samkvæmt hefð liggur árskýrsla með gögnum frá aðalfundi 2011 frammi á þessum fundi í fjölfölduðum bæklingi.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samskipti SSA og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa verið með föstu sniði í gegnum árin og á ýmsan hátt verið að styrkjast m.a. í gegnum gott samstarf hinna síðarnefndu við Landshlutasamtök sveitarfélaga í heild. Forsvarsmenn SSA sækja að venju helstu ráðstefnum

og fundi á vegum okkar heildarsamtaka og fá þau jafnan boð um að senda full-trúa á aðalfundi okkar.

Hefð var fyrir því að stjórnarmaður Austfirðinga hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fengi fundarboð og fundargerðir stjórnar- og framkvæmdaráðsfunda SSA til að efla tengslin milli þessara tveggja aðila. Þar sem enginn Austfirðingur á nú sæti í stjórninni höfum við beint áherslum okkar til austfirskra varamanna í stjórn Sambandsins, Arnbjargar Sveinsdóttur og Stefáns Boga Sveinssonar, sem bæði

hittast hinir fyrrnefndu og fjalla um ýms sameiginleg málefni. Nokkrir formlegir fundir voru haldnir á starfsárinu Einnig reyna menn þess utan að skiptast á upp-lýsingum, er varða störf einstakra landshlutasamtaka og geta notast í starfi annarra. SASS (Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi) hefur leitt samstarfið innan landshlutasamtakanna á starfsárinu. Var hefðbundinn sumarfundur þeirra haldinn að Borg í Grímsnesi 14. og 15. júní 2012.



eiga sæti í aðalstjórn SSA eins og að framan greinir.

Formaður og framkvæmdastjóri SSA sátu fjármálaráðstefnu Sambandsins 13. – 14. október 2011 og Landsþing Sambands 23. mars 2012.

LANDSHLUTASAMTÖK SVEITARFÉLAGA

Starf landshlutasamtaka sveitarfélaga byggir tilveru sína á ákvæði 86. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem segir: „Sveitarfélög geta stofnað til staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að hagsmunamálum íbúa í hverjum landshluta. Starfssvæði slíkra samtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu“. Á landsvísu eru þessi samtök 8 talsins og hafa lengi haft með sér náid og gott samstarf. Auk hefðbundinna sameiginlegra funda formanna og framkvæmdastjóra þeirra með stjórn og helstu starfsmönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga

Framkvæmdastjóri SSA sat aðalfund Eypings á Húsavík 7. og 8. okt. 2011.

Formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna sitja í samráðshópi um verkefnið „Sóknaráætlun landshluta“. Í því starfi og víðar í ýmsum stjórnvaldsaðgerðum kemur fram skýr og aukinn vilji til að efla landshlutasamtökin og færa til þeirra verkefni á svæðavísu.

Stjórnir SSA og Eypings komu sér saman um að semja við RHA (Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri) um að vinna skýrslu, sem ber vinnuheitid „Ráðstöfun skatttekna úr NA-kjördæmi. Drög að skýrslunni liggja fyrir og verður hún kynnt formlega þegar endanleg útgáfa lítur dagsins ljós.

SAMSKIPTI VIÐ ÞINGMENN

Formaður og framkvæmdastjóri reyna eins og frekast er kostur að fylgja eftir samþykktum aðalfunda og reyna að hafa traust samskipti við þingmenn NA-kjör-

dæmis, um hagsmunamál sveitarfélaganna á starfssvæðinu. Segjast verður eins og er, að mjög erfitt hefur verið að ná fundum með öllum þingmönnum kjördæmisins lengst af starfsári því sem nú er að renna til enda. M.a. bókaði stjórn SSA eftirfarandi á fundi sínum 3. feb. 2012:

„Skv. tölvupósti, sem barst frá 1. þingm. NA-kjd. eftir að dagskrá var sett upp fyrir stjórnarfundinn, verður ekki hægt að koma á samráðsfundi við þingmannahópinn í heild á framangreindum tíma. Virðist þessi vinnuvika vera sett upp í því sjónarmiði að gera þingmönnum kleift að rækta sambönd sín heima í héraði og hlúa að grasróinni þar eftir kalskemmdir vetrarins. Enginn þingmanni hefur þó t.d. sett sig í samband við forsvarsmenn SSA og óskað eftir viðræðum við þá og/eða lýst áhuga á að kynna sínar áherzlu og eftir atvikum fá hollar ábendingar um framfaramál, er varðað gætu hagsmunum fjórðungsins“.

Í tengslum við kjördæmaviku þingmanna 2011, en fundir hér eystra áttu sér stað 24. okt. og 25. okt., funduðu formaður og framkvæmdastjóri SSA stuttlega með þingmönnum og fylgdu eftir ýmsum samþykktum á vettvangi SSA. Vegna knapps tíma gáfum við þó sjálfviljugir eftir hluta af hefðbundnum tíma skv. stundaskrá. Framkvæmdastjóri SSA skipulagði skv. hefð viðtöl aðildarsveitarfélaga við þingmenn í kjördæmavíkunni. Við í stjórn SSA teljum mikilvægt fyrir forsvarsmenn SSA að eiga þess kost að funda reglulega með þingmönnum, m.a. til að fylgja eftir ýmsum baráttumálum.

Þetta skynja þingmenn ágætlega, en einhvern veginn er störfum þeirra nú þannig fyrir komið að sífellt virðist erfiðara að ná þeim öllum saman á samráðsfundi. Þingmönnum eru færðar þakkir fyrir að mörgu leyti góð samskipti á starfsári því sem nú er að renna sitt skeið.

HELSTU VERKEFNI SSA Á STARFSÁRINU

STOFNUN AUSTURBRÚAR

Áfram var unnið ótullega að eflingu stoðstofnana á starfssvæði SSA. Lengst af á starfsárinu gekk verkefnið undir nafngiftinni AST (Austfirskar stoðstofnanir). Þann 8. maí 2012 var haldinn stofnfundur Austurbrúar. Austurbrú er sjálfseignarstofnun stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands og annast auk þess daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Stofnunin verður með fimm starfsstöðvar á Austurlandi og yfir 20 starfsmenn. Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Stofnunin verður í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu, háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Fulltrúar SSA í verkefnisstjórn voru þau, sem skipa framkvæmdaráð SSA og var formaður SSA jafnframt formaður hennar.

Nokkuð lengi hefur legið fyrir að mjög góður samhljómur er milli áforma þeirra sem fram hafa verið sett í vinnuferlinu og vilja stjórnvalda í vegferð þeirri, sem nú er nefnd „Sóknaráætlanir landshluta“. Sýndu stjórnvöld og fjárveitingavaldið hug sinn til þessa verkefnis með því að úthluta skv. nýjum fjárlagalið 2012 kr. 4 milljónum til SSA í því skyni að mæta kostnaði við verkefnið. Sama fjárhæð verður á fjárlögum 2013 og 2014. Auk þess var haldinn ríkisstjórnarfundur hér eystra á stofnndegi Austurbrúar og gafst fullrúum allra aðildarsveitarfélaga SSA kostur á að kynna fyrir ráðherrum í ríkisstjórninni áherslu hvers og eins byggðarlags á samráðsfundi í kjölfar ríkisstjórnarfundarins. Ráðherrar sátu stofnfund Austurbrúar. Auk þess var í tengslum við komu ríkisstjórnarinnar hingað austur þennan dag úthlutað fé til ákveðinna verkefna, sem Austfirðingar hafa barist fyrir.

Eru ríkisstjórn Íslands hér með færðar þakkir fyrir aðkomu hennar að stofnfundinum og ýmsum verkefnum samhliða honum 8. maí 2012.

Auk þess vill stjórn SSA þakka svo sem vert er verkefnisstjórninni, sem vann að því að tryggja að hinni nýju stofnun yrði komið á laggirnar. Frekari kynning verður á Austurbrú á aðalfundinum.

SAMSTARFSNEFND SSA

Á næst síðasta starfsári var í gangi á vettvangi SSA verkefnið „Austfirsk eining“, sem m.a. var ætlað að huga að samstarfsverkefnum á starfssvæðinu. Kjörinn var sérstakur starfshópur haustið 2010 til að vinna að framgangi mála í samræmi við samþykkt aðalfundarins þá. Á aðalfundi 2011 var ákveðið að halda verkefninu að hluta til áfram, breyta samhliða áherslu, en trufla ekki starfið með áherslu um að stuðla að aukinni sameiningu sveitarfélaga. Hlaut verkefnið nafnið „Samstarfsnefnd“. Nefndin hefur m.a. hugað að menntamálum á framhaldsskólastigi í fjórðungnum. Einnig hefur verið unnið í varnarbaráttu vegna heilbrigðismálin í fjórðungnum og kynntu nefndarmenn sér m.a. starfsemi HSA / FSN í Neskaupstað og HSA á Egilsstöðum.

SAMGÖNGUNEFND SSA

Lengi var hefð fyrir því á vettvangi SSA að kjósa sérstaka „Samgöngunefnd“ til að fjalla um samgöngumál á milli aðal-





funda. Af ýmsum ástæðum var ákveðið að kjósa hana ekki í nokkur ár, en þessi í stað var sjálfri stjórninni ætlað að fara með þennan málaflokk. Ákveðið var síðan haustið 2011að koma á laggirnar sérstakri samgöngunefnd SSA. Veigamesta verkefni hennar voru umsagnir um drög að samgönguáætlunum Alþingis, sem m.a. voru byggð á fundi með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar. Umsögninni var síðan komið á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

ALMENNINGSAMGÖNGUR Á AUSTURLANDI

Verkefnið „Almenningssamgöngur á Austurlandi“ var eitt hið víðamesta á vettvangi SSA á starfsárinu 2011 – 2012. Sérstakur vinnuhópur kom að málinu fram yfir vordaga 2012. Í honum áttu sæti: Ásta Kristín Sigurjónsdóttir (formaður), Þorsteinn Steinsson, Jakob Sigurðsson, Árni Steinar Jóhannsson (og eftir atvikum Jóhann Eðvald Benediktsson). Með hópnum starfaði verkefnastjóri SSA. Við frágang mála var verulega tekið tillit til sjónarmiða talsmanna Fjarðabyggðar í ljósi þess að á þessum tímamarki hafði sveitarfélagið nánast gengið frá skipulagi vegna almenningsamgangna innan sveitarfélagsins.

Stjórn SSA setti sér það yfirmarkmið að þjónusta á svæðinu í heild yrði bætt og umsýsla væri á einni hendi. Þar sem fyrir lá að ekki tækist að ljúka endanlegri skipulagningu miðað við 1. jan. 2012 var ákveðið að SSA semdi við sveitar-

félög með „heimilisfesti“ þáverandi sérleyfa um að þau tryggðu sambærilega þjónustu út árið 2012. Frágangur samninga við verktaka væri á höndum hlutaðeigandi sveitarfélaga í samráði við SSA. Um var að ræða sveitarfélögin Borgarfjarðarhrepp, Seyðisfjarðarkaupstað, Fjarðabyggð og Djúpavogshrepp.

Síðar í vinnuferlinu var m.a. fundað með fulltrúum Strætó BS syðra og einnig mætti Einar Kristjánsson, sviðsstjóri skipulags- og þróunarviðs hjá Strætó BS á fund stjórnar SSA í upphafi árs 2012. Þar fór m.a. fram kynning á möguleikum á aðkomu Strætó BS að útboðsmálum og/eða tækniþjónustu vegna verkefnisins á starfssvæði SSA. Fyrir liggur að aðkoma á vegum Strætó BS gæti snúið að leiðunum Akureyri / Egilsstaðir annars vegar og Egilsstaðir / Höfn hins vegar, en einnig að svæðinu í heild.

Skýrt liggur fyrir sú skoðun innan stjórnar SSA að allt skipulag fari fram sem næst notandanum og hjá þeim, sem þekkja til aðstæðna. Hins vegar hefur verið talið að Strætó BS hefði yfir að ráða búnaði og aðgangi að þekkingu í viðum skilningi til að aðstoða við útboð og fleira.

MENNINGARMÁL

Stjórn SSA hefur í samráði við forsvarsmenn Menningarráðs Austurlands fjallað um skiptingu viðbótarfjármagns til menningarverkefna samhliða breyttum vinnureglum við úthlutun, sbr. upplýsingar frá fjárlaganefnd þar um. Tekist var á um málið innan vébanda landshlutasam-

taka sveitarfélaga og sögðu talsmenn SSA sig frá þeirri vinnu, þar sem sýnt þótti að ekki ætti að taka nægilegt tillit til sérstöðu fjórðungsins meðal annars vegna fjarlægðar frá höfuðborgarasvæðinu. Í stuttu máli sagt náðu talsmenn Austfirðinga þeim árangri að tryggja að haldið yrði á lofti sjónarmiðum, er höfð voru að leiðarljósi í upphafi menningarsamninga, sem sveitarfélög á starfssvæði SSA höfðu frumkvæði um að koma á. Þar var tekið mið af mismunandi aðstæðum íbúa landsbyggðarinnar að sækja menningarviðburði innan fjórðunga. Stjórnarformaður SSA og verkefnastjóri voru viðstaddir úthlutun menningarstyrkja á vegum Menningarráðs Austurlands í febrúar 2012.

SAMSKIPTI SSA OG HAUST (HEILBRIGÐISEFTIRLITS AUSTURLANDS)

Sveitarfélögin standa að rekstri byggðasamlags um rekstur HAUST og skipa í heilbrigðisnefnd. Ítarleg ársskýrsla HAUST fyrir starfsárið 2011, liggur frammi á fundinum, auk þess er hægt að nálgast skýrsluna á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands <http://www.haust.is/>

ÝMIS VERKEFNI STJÓRNAR / FORSVARSMANNA SSA STARFSÁRIÐ 2011-2012:

Aðkoma SSA að málþingi um „Mikilvægi innanlandsflugs á Íslandi“

Í framhaldi af umfjöllun stjórnar SSA um málefni Reykjavíkurlugvallar, var ákveðið að koma að sérstöku málþingi vorið 2012 þar sem fram kæmu sjónarmið hinna fjölmörgu, sem hafa hag af því að innanlandsflug verði sem best tengt við stjórnsýslu landsins.

SSA og Þróunarfélag Austurlands stóðu fyrir málþinginu, sem bar yfirskriftina „Mikilvægi innanlandsflugs á Íslandi“. Fór það fram 24. apríl 2012 á Hótel Héraði á Egilsstöðum. Á málþinginu, sem mæltist vel fyrir, voru fjölmargir fram-sögumenn. Málþingsstjóri var Þórunn Egilsdóttir, oddviti Vopnafjarðarhrepps og stjórnarmaður í SSA.

FJÁRFESTINGAÁÆTLANIR LANDSHLUTA

Undir lok síðasta starfsárs lagði stjórn SSA mikla vinnu í að afgangsgangraða tillögum þar um frá einstökum sveitarstjórnnum á starfssvæðinu. Heimtur frá hinu opinberu þóttu fremur rýrar og sá því stjórn SSA ástæðu til að bóka eftirfarandi:

„Með vísan til framsögu Héðins Unnsteinssonar fulltrúa forsætisráðuneytisins á nýlega afstöðnum aðalfundi SSA vill stjórn SSA leggja áherslu á að við gerð fjárfestingaáætlana fyrir landshluta verði viðhaft samráð við viðkomandi landshlutasamtök á öllum stigum ferilsins. Stjórnin telur það ekki til þess fallið að auka traust á verkefninu ef tillögur landshlutasamtaka eru teknar og metnar ýmist raunhæfar eða óraunhæfar, algjörlega án þess að um það sé haft samráð við þá sem gerðu tillögurnar. Því skorar stjórn SSA á forsætisráðuneytið að sjá til þess að samráði við landshlutasamtökin ljúki ekki við skil á tillögum heldur haldi áfram í gegnum alla vinnu við áætlunina“.

Rétt er og að fram komi að mörgum þótti til lítils barist, þegar tillögur ráðuneyta litu dagsins ljós, sbr. bókun sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps, dags. 20. jan. 2012:

„Sveitarstjórnin telur hlut Austurlands í fjárfestingaáætlun 2012 ákaflega rýran, en brýnt að áfram verði unnið á þeirri braut, sem mörkuð hefur verið. Mælst er til þess að stjórn SSA hafi forgöngu um að boðaður verði við fyrstu hentugleika fundur með forsvarsmönnum verkefnisins S 20/20 og fulltrúum sveitarfélaga á starfssvæði SSA.

HEILBRIGÐISMÁL

Á fundi haustið 2011 bókaði stjórn SSA eftirfarandi um heilbrigðismál:

Stjórn SSA lýsir yfir mikilli andstöðu við áframhaldandi niðurskurð á fjárframlögum til Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA), sem boðuð er í frumvarpi til fjárlaga árið 2012. Sá niðurskurður mun skerða heilbrigðisþjónustu á starfssvæði SSA og leiða til fækkunar starfa á því, einkum kvennastarfa, sem gengur þvert gegn hugmyndum ríkisstjórnarinnar um kynjaða hagstjórn. Niðurskurðurinn mun einnig rýra búsetuskilyrði á svæðinu stórlega og velta auknum kostnaði yfir á íbúa þess, sem sækja þurfa heilbrigðisþjónustu um langan veg, oftast en ekki út fyrir Austfirðingafjórðung.

Stjórnin varar sérstaklega við því að skert verði sú bráða- sérfræði- og fæðingaþjónusta, sem nú er veitt í fjórðungnum. Loks átelur stjórnin það samráðsleysi og þau vinnubrögð sem viðhöfð eru, þegar boðuð er grundvallarstefnubreyting á framkvæmd heilbrigðisþjónustu í land-

inu, um leið og minnt er á að slík vinnubrögð ganga þvert gegn lofordum um aukið samráð ríkisins við heimamenn, sem unnið er að undir merkjum Ísland 20/20.

HÁHRAÐATENGINGAR

Stjórn SSA tók undir erindi Djúpavogshrepps þess efnis að talið var að að Síminn hf. mismunaði sveitarfélögum eftir íbúafjölda. Fram kom að t.d. þurfti Djúpavogshreppur að inna af hendi eingreiðslu að fjárhæð 900 þús. til að veita íbúum sveitarfélagsins aðgang að stækkun háhraðatengingar úr 8 mb. í 16 mb. Fyrir lá að þetta gildi ekki um byggðarlög fyrir ofan ákveðinn fjölda íbúa. Í þessu sambandi bókaði stjórn SSA eftirfarandi:

„Stjórn SSA gerir alvarlegar athugasemdir við þá mismunun sem gerð er milli minni og stærri sveitarfélaga hvað varðar kostnað vegna háhraðatenginga. Á sama tíma og meiri áhersla er lögð á fjarvinnsluverkefni, fjarnám og viðskipti á netinu skýtur það skökku við að minni sveitarfélög skuli þurfa að bera umtalsverðan kostnað af því sem í stærri sveitarfélögum heitir „uppfærsla“ og er þeim að kostnaðarlausu. Sveitarfélögum er nauðugur sá kostur að taka þessum afarkostum enda vandséð hvernig þau geta ætlað íbúum og fyrirtækjum að sitja ekki við sama borð og aðrir landsmenn þegar kemur að nettengingum. Stjórn SSA beinir þeim tilmælum til Símans hf. að fyrirtækið endurskoði þessi kjör og tryggi þannig sem jafnastan aðgang landsmanna að nettengingum“.

FRAMTÍÐ ATVINNUPRÓUNARSJÓÐS AUSTURLANDS (ASAUST)

Stjórn SSA fjallaði á haustdögum um bréf bæjarstjóra Fjarðabyggðar 16. nóv. 2011 v/málefna AsAust. Í bréfinu var farið fram á að gerð yrði úttekt svo fljótt sem unnt væri á framlögum sjóðsins undanfarin 3 ár þ.e. fjárhæðum, í hvernig verkefni og metinn árangur af styrkveitinum sjóðsins. Einnig var farið fram á að stjórn SSA beitti sér fyrir því að fram færi umræða um, hvort leggja eigi sjóðinn niður eða lækka verulega framlög til hans árið 2012.

KYNNISFERÐ TIL ÍRLANDS

Formaður og varaformaður fóru í boðsferð til Írlands um mánaðamótin nóv. / des. 2011, sem fjármögnuð var úr svo-

nefndum TAIEX sjóði. Auk þeirra var með í för Stefanía G. Kristinsdóttir, verkefnisstjóri í AST verkefninu. Ferðin var farin í því skyni að fá kynningu á því á hvern hátt Írar vinna að samstarfsverkefnum á svæðisbundna vísu sem og á starfsemi sveitarfélaga og „landshlutasamtaka þeirra“.

ÁKVÖRÐUN UM LAUN STJÓRNAR SSA FRÁ 1. JAN. 2012

Í samræmi við vilja, er kom fram á aðalfundi SSA haustið 2011, vann framkvæmdarstjóri tillögur um breytingar á launagreiðslum stjórnar og framkvæmdaráðs SSA. Miðað var við hlutfall af þingfararkaupi, sem var 545.480.- við ákvarðanatökuna. Ákveðið var að frá og með 1. jan. 2012 verði launagreiðslur þannig, að laun framkvæmdaráðs hækki úr 3 % í 6 % fyrir fund (stjórnarfundir meðtaldir). Laun annarra stjórnarmanna hækkuðu samhliða úr 3 % í 4,5% fyrir fund og laun form. úr 6 % í 9% fastar mánaðargreiðslur.

FUNDUR MED FORMANNI BYGGÐASTOFNUNAR

Formaður SSA og framkvæmdarstjóri sátu fund á Egilsstöðum 4. nóvember 2011 að frumkvæði stjórnarformanns Byggðastofnunar. Þar var m.a. farið yfir atvinnumál og stöðu mála við sameiningu stoðkerfis á Austurlandi.

LOKAORÐ

Í framangreindri samantekt kemur fram að fjölmörg mál hafa verið á borðum stjórnar SSA, á liðnu starfsári. Að öðru leyti vísast til fundargerða stjórnar SSA og framkvæmdaráðs, sem finna má á heimasíðunni www.austur.is

Vil ég að lokum nota þetta tækifæri til þess að þakka stjórn SSA, sveitarstjórnarmönnum á Austurland og öðru samstarfsfólki ánægjulegt og lærdómsríkt samstarf á liðnu starfsári.

Með kveðju

f.h. stjórnar SSA,
Valdimar O. Hermannsson, formaður

Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Ársreikningur

2012

Samband sveitarfélaga á Austurlandi
Bakka 3
765 Djúpivogur
kt. 560276-0289

Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Ársreikningur

2012

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Áritun skoðunamanna og framkvæmdastjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-11

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Egilsstaðir, 14. september 2013.

Deloitte ehf.

Sigurður Álfgeir Sigurðarson
endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2012. Við höfum ritað stjórn SSA erindi þar sem við höfum komið ákveðnum athugasemdum á framfæri verkferla og innra eftirlit. Við leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Egilsstöðum, 14. september 2013

Sigurbjörg Hjaltadóttir

Þórunn Hálfðanardóttir

Áritun framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Austurlandi staðfestir hér með ársreikning þess fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Djúpavogi, 14. september 2013

Karl Sölvi Guðmundsson

Rekstrarreikningur 2012

	Skýr	2012	Áætlun 2012	2011
TEKJUR				
Framlög sveitarfélaga.....		9.050.000	9.050.000	9.050.000
Framlög jöfnunarsjóðs.....		23.217.697	21.276.000	20.800.393
Aðrar tekjur.....	9	59.188.571	48.000.000	100.000
		<u>91.456.268</u>	<u>78.326.000</u>	<u>29.950.393</u>
REKSTRARKOSTNAÐUR				
Laun og launatengdur kostnaður.....	10	15.252.697	11.380.000	15.316.663
Annar stjórnunarkostnaður.....	11	13.447.367	8.290.000	5.996.617
Funda- og ferðakostnaður.....	12	6.149.191	7.600.000	6.755.952
Sérverkefni.....	13	56.502.404	45.790.000	6.373.475
		<u>91.351.659</u>	<u>73.060.000</u>	<u>34.442.707</u>
Afkoma fyrir vexti		104.609	5.266.000	-4.492.314
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)				
Vaxtatekjur.....		524.222	500.000	565.085
Vaxtagjöld.....		-76.132	-25.000	-4.641
		<u>448.090</u>	<u>475.000</u>	<u>560.444</u>
Afkoma af reglulegri starfsemi		552.699	5.741.000	-3.931.870
AÐRIR REKSTRARLIÐIR				
Lækkun (hækkun) lífeyrisskuldbindingar.....		-2.459.150	-4.000.000	-6.038.745
		<u>-2.459.150</u>	<u>-4.000.000</u>	<u>-6.038.745</u>
Rekstrarafkoma á árinu		<u><u>-1.906.451</u></u>	<u><u>1.741.000</u></u>	<u><u>-9.970.615</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr	<u>2012</u>	<u>2011</u>
PENINGALEGAR EIGNIR			
Veltufjármunir			
Sveitarfélagið Hornafjörður.....	3	1.200.000	2.400.000
Krafa á Ríkissjóð vegna AST.....	7	8.000.000	0
Krafa vegna lögbanns.....	8	7.000.000	0
Skammtímakröfur.....	4	5.016.974	1.350.384
Handbært fé.....	4	10.331.454	24.536.866
		<u>31.548.428</u>	<u>28.287.250</u>
SKULDIR			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur rekstrarkostnaður.....		-4.650.560	-1.437.081
Áunnið orlof.....		0	-505.000
		<u>-4.650.560</u>	<u>-1.942.081</u>
		26.897.868	26.345.169
Peningaleg staða án lífeyrisskuldbindinga			
		26.897.868	26.345.169
SKULDBINDINGAR:			
Lífeyrisskuldbindingar.....	6	-59.664.685	-57.205.535
		<u>-59.664.685</u>	<u>-57.205.535</u>
		-32.766.817	-30.860.366
Peningaleg staða samtals			
		<u><u>-32.766.817</u></u>	<u><u>-30.860.366</u></u>
AÐRIR LIÐIR			
Eiginfjárlíðir (neikvæðir).....	5	32.766.817	30.860.366
		<u>32.766.817</u>	<u>30.860.366</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 2012

	<u>2012</u>	<u>2011</u>
REKSTRARHREYFINGAR		
Afkoma af reglulegri starfsemi.....	552.699	-3.931.870
Veltufé frá rekstri	<u>552.699</u>	<u>-3.931.870</u>
Breytingar á skammtialiðum		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....	-2.466.590	2.068.004
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	2.708.479	1.258.081
Handbært fé frá rekstri	<u>794.588</u>	<u>-605.785</u>
Hækkun handbærs fjár.....	794.588	-605.785
Handbært fé í ársbyrjun.....	<u>24.536.866</u>	<u>25.142.651</u>
Handbært fé í lok ársins	<u><u>25.331.454</u></u>	<u><u>24.536.866</u></u>

Skýringar

1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) eru ein af átta landshlutasamtökum sveitarfélaga á Íslandi og starfar á grundvelli laga nr. 45/1998 um sveitarfélög. Starfssvæði SSA nær frá Vopnafjarðarhreppi í norðri til Djúpvogshrepps í suðri.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur SSA fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðisreikningsskilum, gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og í íslenskum krónum.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 er sýnd til samanburðar í sundurliðunum með ársreikningnum, svo og í rekstrarreikningi.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Skattamál

Stofnunin er undanþegin tekjuskatti.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði. Ekki er talin ástæða til sérstakrar niðurfærslu krafanna.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að stofnunin verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

3. Sveitarfélagið Hornafjörður og Langanesbyggð

Í árslok 2008 gekk Sveitarfélagið Hornafjörður úr Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. Hlutdeild þess sveitarfélags í neikvæðri hreinni eign sambandsins á útgöngudegi var metin kr. 3.685.837 og er samkomulag um fjárhæðina. Sveitarfélagið greiddi rúmlega tvo þriðju fjárhæðarinnar á árunum 2011 og 2012, og mun greiða afganginn á næsta ári.

Á árinu 2006 sameinaðist Skeggjastadahreppur Þórshafnarhreppi í sveitarfélaginu Langanesbyggð, sem hefur tilkynnt aðild að Eyþingi. Hlutdeild þess sveitarfélags í neikvæðri hreinni eign sambandsins á útgöngudegi var metin kr. 222.158, og hefur sveitarfélagið greitt hana að fullu.

Skýringar

4. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2012	31.12.2011
Skammtímakröfur		
Viðskiptakröfur	3.965.426	0
Virðisaukaskattur	1.051.548	423.300
Óinnheimt framlög Jöfnunarsjóðs	0	927.084
	<u>5.016.974</u>	<u>1.350.384</u>
Handbært fé		
Vaxtareikningur Landsbanka Íslands	5.468.655	22.176.562
Veltureikningar	4.862.799	2.360.304
	<u>10.331.454</u>	<u>24.536.866</u>

5. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	2012	2011
Eigið fé frá fyrra ári.....	(30.860.366)	(20.889.751)
Afkoma ársins.....	<u>(1.906.451)</u>	<u>(9.970.615)</u>
	<u>(32.766.817)</u>	<u>(30.860.366)</u>

6. Lífeyrisskuldbindingar

Á SSA hvílir skuldbinding vegna lífeyrisgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna. Gerð hefur verið tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingunni. Samkvæmt þeim útreikningi nemur hún 59,7 m.kr. króna í árslok 2012, og hefur hækkað um 2,5 m.kr. á árinu. Skuldbindingin er færð í ársreikninginn og hækking hennar gjaldfærð meðal annarra rekstrarliða í rekstrarreikningi. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga á árinu 2012 námu kr. 2.726.716, en kr. 2.379.743 á fyrra ári.

7. Austfirskar stoðstofnanir

Þann 8. maí 2012 var haldinn stofnfundur Austurbrúar, þar sameinuðust Þróunarfélag Austurlands, Þekkingarnet Austurlands, Menningarráð Austurlands og Markaðsráð Austurlands. Stofnaðilar Austurbrúar eru átta sveitarfélög á Austurlandi auk 24 stofnana sem starfa á landsvísu. Tilgangur Austurbrúar er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og leitast þannig við að veita þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Starfsmenn Austurbrúar sinna verkefnum og rekstri sem tengjast SSA. Við stofnun Austurbrúar lagði SSA út fyrir ákveðnum kostnaði vegna þessa. Samkvæmt samantekt KPMG endurskoðunar nam heildarkostnaður við verkefnið um 26,4 milljónum króna, þar af er hlutur SSA um 20,7 milljónir króna. SSA fékk styrk frá Mennta- og menningamálaráðuneytinu að upphæð 12,0 milljónir króna til þess að mæta stofnkostnaði við Austurbrú. Samkvæmt samningi við ráðuneytið greiðist styrkurinn með fimm greiðslum og í lok ársins 2012 er óinnheimt 8,0 milljónir króna af styrknum.

8. Krafa vegna lögbanns

18. júlí 2012 fór SSA fram á lögbann vegna reglubundinna fólksflutninga Sternu á leiðinni milli Hafnar og Egilsstaða, þar sem SSA telur sig hafa sérleyfi á þessari leið. Lögbanninu var hnekkð með dómi héraðsdóms 6. maí 2013. Hefur málinu verið áfrýjað til Hæstaréttar en vænst er niðurstöðu þar í kringum nk. áramót. Er það mat stjórnar að allar þær 7 milljónir króna sem greiddar voru sem trygging vegna lögbannsins muni fást endurgreiddar frá Sýslumanni.

Sundurliðanir

	2012	Áætlun 2012	2011
9. Aðrar tekjur og framlög			
Framlög v/ AST.....	12.000.000	0	0
Framlög v/ almenningssamgangna.....	46.013.071	48.000.000	0
Rútufargjöld.....	1.175.500	0	0
Aðrar tekjur.....	0	0	100.000
	<u>59.188.571</u>	<u>48.000.000</u>	<u>100.000</u>
10. Laun og launatengdur kostnaður			
Laun framkvæmdastjóra.....	4.600.718	3.500.000	10.646.683
Áunnið orlof framkvæmdastjóra, hækkun.....	-505.000	0	-179.000
Laun og tengd gjöld v/AST verktakagr.	4.543.700	5.000.000	0
Laun vegna stofnunar AST.....	1.202.716	0	0
Laun stjórnar, formanns og nefnda.....	3.275.059	1.400.000	1.716.571
Laun við söguritun.....	0	0	716.741
Mótframlag til lífeyrissjóða.....	1.020.257	750.000	1.617.827
Starfsmannatryggingar og stéttarfélagsgjöld.....	124.830	80.000	45.153
Tryggingagjald.....	990.417	650.000	1.593.726
Flutt á sérverkefnið söguritun.....	0	0	-841.038
	<u>15.252.697</u>	<u>11.380.000</u>	<u>15.316.663</u>
11. Annar stjórnunarkostnaður			
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga.....	2.726.716	2.600.000	2.379.743
Aðkeypt skrifstofuþjónusta.....	561.093	2.900.000	558.410
Húsnæðiskostnaður.....	247.991	900.000	668.524
Póstur, burðargjöld, sími.....	221.498	0	438.683
Reikningsskil og endurskoðun.....	767.847	600.000	451.542
Aðkeypt tölvuþjónusta.....	89.590	0	271.657
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	2.586.538	1.000.000	606.814
Aðkeypt sérfræðiþjónusta vegna AST.....	4.182.620	0	0
Ferðakostnaður vegna AST.....	1.651.023	0	0
Pappír, prentun og ritföng.....	55.369	0	41.136
Tímarit og fræðibækur.....	40.340	40.000	52.182
Viðhald.....	0	50.000	174.340
Ýmsir styrkir.....	180.000	0	0
Gjafir vegna afmæla o.fl.	13.818	100.000	127.250
Auglýsingar.....	85.840	60.000	126.628
Þjónustugjöld banka.....	14.796	0	32.923
Tryggingar innbús.....	22.288	40.000	0
Annað.....	0	0	66.785
	<u>13.447.367</u>	<u>8.290.000</u>	<u>5.996.617</u>

Sundurliðanir

	2012	Áætlun 2012	2011
12. Funda- og ferðakostnaður			
Akstur framkvæmdastjóra og skrifstofufólks.....	684.062	3.000.000	960.750
Aðalfundur.....	1.084.350	2.000.000	1.603.517
Stjórnarfundir.....	328.408	300.000	498.504
Dagpeningar.....	409.190	200.000	45.000
Akstur vegna stjórnarfunda.....	1.676.194	1.000.000	2.766.089
Annar ferða- og fundakostnaður.....	1.660.883	500.000	616.119
Samstarf landshlutasamtaka.....	195.929	200.000	174.467
Ráðstefnur o.fl.....	110.175	400.000	91.506
	<u>6.149.191</u>	<u>7.600.000</u>	<u>6.755.952</u>
13. Sérverkefni			
Framlög v / almenningssamgangna.....	51.661.206	48.000.000	0
Samstarfsverkefni.....	4.280.398	-3.100.000	4.764.437
Ljósmyndasafn Austurlands.....	360.800	400.000	328.000
Söguritun SG.....	0	0	841.038
Menningarverðlaun SSA.....	200.000	250.000	200.000
Ferðamálasamtök Austurlands.....	0	240.000	240.000
	<u>56.502.404</u>	<u>45.790.000</u>	<u>6.373.475</u>

